Alþjóðadagur Rómafólks



Tímamót ➤ 28

Merkilegt einkasafn



Menning ➤ 32

Heimsending um land allt
lyfjaver.is
LYFJAVER

FRÉTTABLAÐIÐ

69. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR | fréttabladid.is | FÖSTUDAGUR 8. APRÍL 2022



Peysufatadagurinn var hjá nemendum Kvennaskólans í Reykjavík í gær. Stignir voru gamlir dansar og nemendur klæddu sig í peysuföt. Samkvæmt hefð hafa nemendur á öðru ári klætt sig upp á og tekið þátt í fögnuðinum en vegna Covid-faraldursins eru það nemendur í þriðja bekk sem taka þátt í ár. Þeir misstu af sínum peysufatadegi í samkomutakmörkunum í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fjárfestarnir ósáttir við nafnbirtingu

Einn fjárfestanna sem keyptu í Íslandsbanka hefur áhyggjur af verðinu sem ríkið fékk fyrir hlutinn. Óþarfi hafi verið að gefa svo mikinn afslátt. Siðfræðingur segir fjármálaráðherra ekki getað afsakað sig með því að hafa ekki vitað af kaupum föður síns.

**VIÐSKIPTI** Fjárfestar sem tóku þátt í útboðinu á hlut ríkisins í Íslandsbanka eru margir ósáttir við að listi yfir kaupendur hafi verið opinberaður. Jakob Valgeir Flosason, einn fagfjárfestanna, sem keypti fyrir tæpan milljarð króna segir það skiljanlegt. Hann segist hafa meiri áhyggjur af verðinu sem ríkið fékk fyrir hlutinn. Það hafi verið algjör óþarfi að gefa svona mikinn afslátt.

„Að mínu mati hefði ríkið átt að selja til fárra en öflugra kjölfestufjárfesta, eins og talað var um í upphafi,“ segir Jakob.

„Í staðinn voru það aðallega lífeyrissjóðirnir sem pressuðu verðið niður í þessar 117 krónur á hlut. Ég veit það fyrir víst að ríkið hefði getað selt á genginu 122 ef þeir hefðu einbeitt sér að þeim sem voru tilbúnir til að borga meira.“

> „Ég veit það fyrir víst að ríkið hefði getað selt á genginu 122 ef þeir hefðu einbeitt sér að þeim sem voru tilbúnir til að borga meira.
>
> Jakob Valgeir Flosason, fjárfestir

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur legið undir harðri gagnrýni síðan listinn var gerður opinber, en faðir hans Benedikt Sveinsson er einn af kaupendunum.

„Það fer ákaflega illa saman þegar um ræðir ráðherrastöðu, fjölskyldutengsl og viðskipti, sérstaklega þegar um ræðir sölu ríkiseigna sem sonur kaupanda heldur utan um,“ segir Henry Alexander Henrysson siðfræðingur. Henry segir að Benedikt hefði átt að vita að ekki væri við hæfi að kaupa bréfin. Bjarni geti ekki heldur afsakað sig með því að hann hafi ekki vitað af kaupunum.

Bjarna hafi borið að ræða við pabba sinn og nánustu fjölskyldu um að láta tækifærið eiga sig, kaupa ekki bréf í bankanum vegna kringumstæðna. Bjarni beri því vissa ábyrgð.

Í þinginu er kallað eftir rannsókn á málinu en þingmaður Sjálfstæðisflokksins segist ekki hræðast hana. SJÁ SÍÐU 6

## Kærir lögregluna í talningarmálinu

**LÖGREGLUMÁL** „Það var ekki ætlun löggjafans að slaka neitt á kröfunum heldur þvert á móti að auka þær,“ segir Karl Gauti Hjaltason, fyrrverandi alþingismaður.

Karl Gauti hefur kært lögreglustjórann á Vesturlandi til ríkissaksóknara fyrir að hætta rannsókn á talningarmálinu frá því í haust.



Karl Gauti Hjaltason, fyrrverandi alþingismaður

Karl Gauti segir dómstóla að skera úr um refsinæmi meintra brota í kosningum. SJÁ SÍÐU 2

Eigum nokkra lausa til afhendingar strax

Vinsæli fjórhjóladrifni rafbíllinn

Audi e-tron 50 Pro-line Verð frá 9.690.000 kr.

Stillanleg loftpúðafjöðrun, íslenskt leiðsögukerfi og fjarhitun.

Hekla Laugavegi 172, 105 Rvk. www.hekla.is/audisalur





Till Lindemann í Kórnum 2017.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

# Ólafur Arnalds blandaði Rammstein-lag

kristinnhaukur@frettabladid.is

**TÓNLIST** Tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds er annar þeirra sem valdir voru til að endurhljóðblanda nýjustu smáskífu þýsku þungarokkssveitarinnar Rammstein. Lagið heitir Zeit, eða Tími á íslensku, og var gefið út í síðasta mánuði. Hinn er þýski raftónlistarmaðurinn Robot Koch.

Rammstein hefur haldið þrenna tónleika á Íslandi, tvenna í Laugardalshöll árið 2001 og eina í Kórnum í Kópavogi árið 2017. Zeit er fyrsta smáskífan af áttundu plötu sveitarinnar, sem kemur út 29. apríl.

Þetta er ekki fyrsta samstarf Ólafs í þýsku rokki, en áður hafði hann unnið með sveitinni Heaven Shall Burn á plötunni Antigone árið 2004. ■

## Hugsað í Hörpu



Reykjavíkurskákmótið stendur nú yfir í húsakynnum Hörpu og lýkur á sunnudaginn. Mótið var síðast haldið í raunheimi árið 2019. 245 keppendur frá 39 löndum eru mættir til leiks og búast má við æsispennandi keppni á næstu dögum. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, opnaði mótið með því að leika fyrsta leikinn gegn íranska stórmeistaranum Idani Pouya.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Fundurinn fór fram í Vatíkaninu.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Róbert Spanó þáði heimboð páfans

adalheidur@frettabladid.is

**MANNRÉTTINDI** Frans Páfi bauð Róbert Spanó, forseta Mannréttindadómstóls Evrópu, á sinn fund í Vatíkaninu í gær til að ræða almennt um stöðu mannréttinda í Evrópu. Ræddu þeir um mikilvægi starfs dómstólsins nú þegar ófriður ríkir og ógnir steðja að lýðræðinu, réttarríkinu og vernd grundvallarréttinda.

Aðspurður kvaðst Róbert hafa á fundinum lagt áherslu á upprunalegan tilgang mannréttindasáttmála Evrópu og Evrópuráðsins, að gæta friðar í samskiptum aðildarríkja og auka á gagnkvæman skilning og umburðarlyndi þvert á landamæri. ■

Þjóðskrá

**Þjóðskrá Íslands staðfestir gerð kjörskrár fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar sem haldnar verða þann 14.maí 2022.**

Kjósendur geta kannað hvar þeir eru á kjörskrá með innslætti á kennitölu á vef Þjóðskrár **skra.is** og vef landskjörstjórnar **kosning.is**.
Í uppflettingunni birtast sömu upplýsingar og er að finna í kjörskrám sem liggja fyrir hjá sveitarstjórnum.

Kjósendur eru á kjörskrá í því sveitarfélagi sem þeir eiga skráð lögheimili 38 dögum fyrir kjördag eða þann 6. apríl 2022.

# Kærir lögreglustjóra fyrir að hætta rannsókn á talningu

Karl Gauti Hjaltason, fyrrverandi alþingismaður, segir ákvörðun lögreglustjórans á Vesturlandi um að fella niður rannsókn á talningu atkvæða þar ekki standast. Það sé hlutverk dómstóla að skera úr um refsinæmi meintra brota í kosningum.

gar@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** „Umfjöllun um svona mikilvæg mál eins og þetta eigi að heyra undir dómstóka,“ segir Karl Gauti Hjaltason, fyrrverandi alþingismaður, sem kært hefur lögreglustjórann á Vesturlandi til ríkissaksóknara fyrir að fella niður rannsókn á talningarmálinu frá því í alþingiskosningunum í október.

Karl Gauti náði ekki kjöri í kosningum til Alþingis í október síðastliðnum. Hann var einn þeirra frambjóðenda sem á kosninganótt virtust hafa náð þingsæti en misstu það síðan eftir endurtalningu yfirkjörstjórnar á Vesturlandi.

Lögregla rannsakaði meint lögbrot við framkvæmd talningarinnar og lagði sektir á meðlimi yfirkjörstjórnar sem töldu sig ekkert ólögmætt hafa gert og neituðu að borga. Að lokum felldi lögreglustjóri málið niður með vísan í breytingar á kosningalögum sem Alþingi samþykkti í millitíðinni.

Karl Gauti segist kæra þá ákvörðun lögreglustjórans að fella niður málið á hendur yfirkjörstjórninni.

„Í fyrsta lagi þá rökstyður lögreglustjórinn sína niðurfellingu með því að lögin hafi breyst eftir atvikið. Í raun og veru var engin meining með því þegar kosningalögum var breytt að slaka á kröfum um öryggi og vönduð vinnubrögð kjörstjórna, innsiglun kjörgagna og öllu verklagi við kosningar. Það var ekki ætlun löggjafans að slaka neitt á kröfunum heldur þvert á móti að auka þær,“ segir Karl Gauti.



„Í kæru minni nefni ég fjölmörg önnur atriði sem ég taldi að lögreglan ætti að rannsaka en hún virðist ekki hafa gert,“ segir Karl Gauti Hjaltason.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Það var ekki ætlun löggjafans að slaka neitt á kröfunum heldur þvert á móti að auka þær.**
>
> Karl Gauti Hjaltason, fyrrverandi alþingismaður

Að sögn Karls Gauta er mælt fyrir um það í hegningarlögum að þegar lagaákvæði breytist en ætlun löggjafans sé augljós eigi að notast við eldri lög. Það eigi einmitt við í þessu tilviki.

„Það kemur bara skýrt fram í greinargerðinni með lögunum að hugmyndin er að auka til dæmis vægi innsiglunar, auka öryggi við alla framkvæmd kosninga og talningar,“ bendir þingmaðurinn fyrrverandi á.

Þá gagnrýnir Karl Gauti að lögreglustjórinn á Vesturlandi hafi beint rannsókn sinni eingöngu að innsiglum kjörgagna. „En í kæru minni nefni ég fjölmörg önnur atriði sem ég taldi að lögreglan ætti að rannsaka en hún virðist ekki hafa gert. Og ég beini því til ríkissaksóknara að láta rannsaka alla þá þætti – eins og til dæmis um umboðsmenn, fundargerðir og viðveru innan um kjörgögn,“ segir hann.

Sem fyrr segir telur Karl Gauti að talningarmálið í Borgarnesi þurfi að bera undir dómstóla. „Það er þeirra að skera úr um refsinæmi brota sem hugsanlega eru framin í kosningum – eins og í þessu tilfelli.“ ■

# Páskablómamarkaður

## 8. - 10. apríl

Full búð af fallegum blómabúntum á frábæru verði.
Úrval af blómstrandi plöntum og laukum, páskaskrauti
og öllu sem þarf til að gera fallegt fyrir páskana.

— ★★★ —





Páskaskreytingar
verð frá 1.980kr

Begonia 1.680kr
Krysi 980kr













GARÐHEIMAR

opið alla daga 10 - 21 & allan sólarhringinn á gardheimar.is

## Klúðrað mörgu á skömmum tíma

bth@frettabladid.is

**ALÞINGI** „Mér finnst mestu skipta að við byggjum upp traust á bankasölu, svona ferli verður að vera hafið yfir tortryggni. Ég hef meiri áhyggjur af því heldur en erfiðleikum innan ríkisstjórnarinnar,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar.

Eigi að síður segir hún blasa við að ríkisstjórnin sé í meiri erfiðleikum á skömmum tíma en samanlagt allt síðasta kjörtímabil. Hún hafi klúðrað furðu mörgu á skömmum tíma. Ráðherrar VG hljóti að sitja og horfa í forundran á samstarfsfólk sitt.

Hvað varði Íslandsbankasöluna segir Þorgerður Katrín óendanlega sárt að horfa upp á tortryggni sem nú hafi skapast.

„Það væri best upp á traustið að þingið gerði rannsókn á þessari sölu, enda er Alþingi með viðtækari heimildir til rannsóknar en Ríkisendurskoðun,“ segir Þorgerður Katrín. ■

## Ásmundur leggur aftur fram tillögu um kannabislyf

kristinnhaukur@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur aftur lagt fram þingsályktunartillögu um lögleiðingu kannabislyfja í lækningaskyni.

Samkvæmt tillögunni eiga heilbrigðis-, menningar- og viðskiptaráðherra að setja á fót starfshóp um frumvarp um málið.



Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Sams konar tillaga Ásmundar í febrúar í fyrra vakti nokkra athygli, einkum hjá þingflokki Pírata sem töldu Ásmund óvæntan bandamann í málinu. Hann hefur til þessa verið talinn með íhaldssamari þingmönnum.

Ásmundur er ekki einn með tillöguna heldur styðja hann fjórir þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. ■

# Andstæðingar Jóhanns skila auðu til Hæstaréttar

gar@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Lögmenn tónlistarfyrirtækjanna Warner og Universal sendu engin gögn til Hæstaréttar Bandaríkjanna vegna lagastuldarmáls Jóhanns Helgasonar. Um þetta tilkynntu lögmennirnir daginn áður en frestur til þess rann út um mánaðamótin. Mun það ekki óalgengt í slíkum málum á því stigi sem mál Jóhanns er nú.

Eftir að dómstóll í Los Angeles vísaði frá máli Jóhanns vegna meints



Jóhann Helgason tónlistarmaður.

stuldar á laginu Söknuði og áfrýjunardómstóll staðfesti þá frávísun, skaut lögmaður Jóhanns málinu til Hæstaréttar. Telur lögmaðurinn málið eiga þangað erindi því áfrýjunardómstólar í landinu notist nú við ólíkar aðferðir við mat í lagastuldarmálum. Hæstiréttur þurfi að skera úr um hvaða aðferð skuli beitt.

Eins og áður hefur komið fram er alls óvíst að Hæstiréttur fallist á að taka mál Jóhanns til efnismeðferðar. Gefið hefur verið út að málið verði skoðað 22. apríl næstkomandi.

Þá gæti rétturinn til dæmis ákveðið að hafna því að taka málið fyrir eða gefið út að það verði athugað nánar og þá hugsanlega óskað eftir viðbrögðum frá lögmönnum Universal og Warner.

Norski tónlistarmaðurinn Rolf Løvland sem sendi frá sér lagið You Raise Me Up árið 2001 sem Jóhann heldur fram að sé stæling á lagi hans Söknuði frá 1977 hefur ekki gripið til varna í dómsmálinu vestan hafs þótt honum hafi verið stefnt ásamt tónlistarfyrirtækjunum. ■

# Sameinar ekki starfsemi sýslumanna á einum stað á höfuðborgarsvæðinu

**Dómsmálaráðherra segir markmið sameiningar sýslumannsembætta ekki að færa núverandi starfsemi undir eitt þak á höfuðborgarsvæðinu. Hann vill að sveitarstjórnarfólki auðnist að sjá hin miklu tækifæri í málinu. Bæjarstjóri Vestmannaeyja segir fólk í Eyjum á móti breytingunni.**

gar@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** „Nú reynir á íbúa og sveitarstjórnir um land allt, að sjá og hagnýta öll tækifærin sem felast í þeim óumflýjanlegu breytingum sem eru að verða á samfélaginu,“ segir Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra í bréfi til Sambands íslenskra sveitarfélaga um fyrirhugaða sameiningu allra níu sýslumannsembætta í eitt.

„Með þessu bréfi vil ég freista þess að vekja athygli ykkar sveitarstjórnarmanna um allt land á þessu mikilvæga verkefni til að tryggja að ykkur auðnist að sjá þau miklu tækifæri sem felast almennt í stafrænni vegferð hins opinbera og þá sérstaklega fyrirhuguðum breytingum á landsbyggðinni,“ segir Jón Gunnarsson.

„Núverandi stofnanauppbygging með níu aðskildum umdæmum og sjálfstæðum forstöðumönnum er hamlandi í þeirri vegferð að bæta þjónustuna við almenning. Til að festa framsækna og öfluga þjónustu ríkisins í heimabyggð, þarf að ráðast í viðamiklar breytingar,“ segir Jón.

Að því er segir í bréfi Jóns er markmiðið að efla núverandi starfsemi með öflugum og nútímalegum þjónustueiningum. „Óbreytt skipurit með níu umdæmum, sem




Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri segir breytingu myndu veikja sýslumannsembættið í Vestmannaeyjum. MYND/AÐSEND



Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra

afmörkuð eru með ósýnilegum múrum með níu stjórnendum í níu sjálfstæðum stofnunum fer illa saman við þessi markmið,“ ítrekar hann í bréfi sínu.

„Til að eyða öllum vafa vil ég taka það skýrt fram að markmið þeirra aðgerða sem hér hafa verið boðaðar eru ekki að færa núverandi starfsemi, sem sinnt er á 27 stöðum um land allt, undir eitt þak á höfuðborgarsvæðinu. Þvert á móti er markmiðið að efla núverandi starfsemi og styrkja þær starfsstöðvar sem eru að þjónusta almenning um land allt.

Kveður Jón breytingarnar „hvorki hraðsoðnar né byggja á lítt ígrunduðum hugmyndum“ heldur á vönduðum greiningum og úttektum. Stafræn vegferð sé stærsta og mest spennandi byggðamál samtímans. Undanfarin ár hafi ríkið verið á fleygiferð í innleiðingu á stafrænni þjónustu. „Samfélagslegar aðstæður og tækninýjungar gera auknar kröfur til hins opinbera og kalla á grundvallarbreytingar á skipulagi sýslumannsembættanna.“

Bréf dómsmálaráðherra var lagt fram í bæjarráði Vestmannaeyja í gær.

„Bæjarráð ítrekar fyrri afstöðu sína til málsins og leggst alfarið gegn þessum breytingum. Bæjarráð mun fylgja þeirri afstöðu eftir á þessum fundi með ráðherra,“ undirstrikaði bæjarráðið í bókun. Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri muni eiga fund með dómsmálaherra 2. maí.

„Við erum ósátt við þessar breytingar. Þetta er þriðji ráðherra Sjálfstæðisflokksins fer fram með þessar nánast sömu tillögur sem við teljum að veiki sýslumannsembættið hér í Eyjum,“ segir Íris bæjarstjóri sem væntir skýringa á fundi sínum með dómsmálaherra. ■





# Það er vor í lofti

## HAGKAUP

Tilboð gilda út 10. apríl




**Ferskur kjúklingur**
Verð áður 1.099
879 kr/kg




**Smash style hamborgarar 2 x 140 g**
Verð áður 759
689 kr/pk




**Úrbeinuð kjúklingalæri**
Verð áður 2.899
2.319 kr/kg




Nýtt

**Nóa páskaegg**
1.898 kr/stk




**Freyja páskaegg**
2.589 kr/stk




**Þrista páskaegg**
2.899 kr/stk

# Segir sölu Íslandsbanka skilgreiningu á spillingu

bth@frettabladid.is

ALÞINGI Enginn þingmaður lýsir andstöðu við þá hugmynd að Ríkisendurskoðun fari í saumana á sölu Íslandsbanka. Salan hefur vakið harðar deilur.

**Óttast ekki rannsókn**

Guðrún Hafsteinsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er í hópi þeirra þingmanna sem segjast ekki kvíða rannsókn Ríkisendurskoðunar eða þings. Allt tal um að fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson, hafi viðhaft óeðlileg afskipti sé hrein og klár firra. „Ég óttast ekki rannsókn á þessu ferli, því hér er ekkert að fela,“ segir Guðrún.



Logi Einarsson



Bjarkey Gunnarsdóttir

**Fólkið fái bankann**

Jakob Frímann Magnússon, Flokki fólksins, segir umhugsunarefni hvernig ríkið „eignaðist“ gjaldþrota Glitni eftir hrun og komst upp með að færa til sín kröfur þess á hrakvirði, skipta um nafn og senda þeim sem skulduðu hinu fallna fyrirtæki kröfur allt að helmingi hærri en fólk hafði tekið að láni. „Það væri því réttast, svona í „karmísku“ samhengi, að færa því fólki það sem óselt er af hlutabréfum Íslandsbanka,“ segir Jakob Frímann.

**Skilgreining á spillingu**

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, segir að traust sé mikilvægasta eign hvers banka.

„Þarna eru meðal annars erlendir fjárfestar sem keyptu í fyrstu umferð og seldu sig strax út með umtalsverðan gróða. Á listanum eru líka kunnugleg andlit úr aðdraganda hrunsins. Það er beinlínis ein skilgreiningin á spillingu, að almannagæðum sé úthlutað til útvalinna á ógagnsæjan hátt.“

Bjarkey Gunnarsdóttir, oddviti VG í Norðausturkjördæmi sem situr í ríkisstjórn með Sjálfstæðismönnum, segir að Ríkisendurskoðun þurfi að fara yfir málið áður en meira verði selt. ■

# Kaup Benedikts í bankanum á ábyrgð Bjarna

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Það er ekki að ástæðulausu sem fólk staldrar við að faðir fjármálaráðherra hafi keypt þennan hlut. Það fer ákaflega illa saman þegar um ræðir ráðherrastöðu, fjölskyldutengsl og viðskipti, sérstaklega þegar um ræðir sölu ríkiseigna sem sonur kaupanda heldur utan um,“ segir Henry Alexander Henrysson siðfræðingur.

Sala Íslandsbanka hefur hlotið harða gagnrýni. Henry segir að Benedikt Sveinsson, faðir Bjarna, hefði átt að vita að ekki væri við hæfi að kaupa bréfin. Bjarni geti ekki heldur afsakað sig með að hann hafi ekki vitað af kaupunum. Bjarna hafi borið að ræða við pabba sinn og nánustu fjölskyldu um að láta tækifærið eiga sig, kaupa ekki bréf í bankanum vegna kringumstæðna. Bjarni beri því vissa ábyrgð.

„Það hefði verið eðlilegt ef Bjarni hefði mælst til að pabbi hans myndi ekki kaupa bréfin. Að hann hefði séð það sjálfur.“



Henry Alexander Henrysson, siðfræðingur

Henry segir að íslenskt samfélag verði að læra að þátttöku í stjórnmálum fylgi ýmis réttindi en ekki síður skyldur. Skyldur geti verið útilokandi. Skyldur þýði íþyngjandi takmarkanir á hegðun stjórnmálafólks og einnig skyldmenni þeirra.

„Við getum ekki haft ráðherra þar sem svona spurningar kvikna. Það veikir stöðu þeirra og gengur með því gegn almannahagsmunum. Fyrir hvert og eitt skipti sem tortryggileg staða kemur upp, dregur úr trúverðugleika,“ segir Henry.

Hvorki náðist í Benedikt né Bjarna. ■

# Ríkið gat fengið mun meira fyrir hlutinn í Íslandsbanka

Jakob Valgeir Flosason, sem keypti stóran hlut í Íslandsbankaútboðinu, segist skilja gagnrýnina í samfélaginu eftir að listi kaupenda var birtur. Hún ætti þó miklu frekar að beinast að því hvað bankinn var seldur ódýrt.



Lífeyrissjóðirnir pressuðu verðið á hverjum hlut niður í 117 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

ggunnars@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Fjárfestar sem tóku þátt í útboðinu á hlut ríkisins í Íslandsbanka eru margir ósáttir við að listi yfir kaupendur hafi verið opinberaður. Jakob Valgeir Flosason, einn fagfjárfestanna, segir það skiljanlegt. „Slíkar upplýsingar hreyfa samt lítið við mér núorðið. Ég er orðinn öllu vanur.“ Hann segist hafa meiri áhyggjur af verðinu sem ríkið fékk fyrir hlutinn. Það hafi verið algjör óþarfi að gefa svona mikinn afslátt.

Jakob keypti fyrir tæpan milljarð í útboðinu og heldur þar af leiðandi á 1,8 prósenta hlut í bankanum. Hann segir kaupendur einfaldlega hafa fylgt reglum útboðsins og uppfyllt skilyrðin sem lagt var upp með. Það sé í raun ekkert við það að athuga.

„Ef menn vilja gagnrýna eitthvað þá ættu þeir að horfa á verðið sem ríkið seldi á. Að mínu mati hefði ríkið átt að selja til færra en öflugra kjölfestufjárfesta, eins og talað var um í upphafi. Það var ekki gert. Í staðinn voru það aðallega lífeyrissjóðirnir sem pressuðu verðið niður í þessar 117 krónur á hlut. Ég veit það fyrir víst að ríkið hefði getað selt á genginu 122 ef þeir hefðu einbeitt sér að þeim sem voru tilbúnir til að borga meira. Það er það sem mér finnst alvarlegt í þessu.“

Jakob óskaði sjálfur eftir að fá að kaupa mun stærri hlut í bankanum en hann á endanum keypti. „Ég er einfaldlega þeirrar skoðunar það sé bankanum fyrir bestu að nokkrir öflugir fjárfestar komi inn af krafti og veiti honum aðhald. Þannig gæta þeir best sinna hagsmuna og hagsmuna bankans um leið. Það var það sem vakti fyrir mér. Þá hefði líka þjóðin fengið meira fyrir sinn snúð.“ ■

**Þrjú skilyrði fyrir kaupum í útboði**

Almennum fjárfestum stóð ekki til boða að kaupa í Íslandsbanka að þessu sinni heldur var ákveðið að leita eingöngu til fagfjárfesta. Ástæðan er sú að almennt útboð krefst margra mánaða undirbúnings. Á þeim tíma getur virði bréfa á markaði sveiflast til. Þar sem eitt af markmiðum útboðsins var að fá gott verð fyrir hlut ríkisins í bankanum var ákveðið að vinna málið hratt.

Þeir sem sóttu um voru metnir í samræmi við lög sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um útboð til fagfjárfesta. Þannig var ákveðið hverjir fengu að kaupa og hverjir ekki.

Skilyrðin sem liggja til grundvallar eru þrjú. Þau lúta meðal annars að umsvifum á mörkuðum, eiginfjárstöðu, reynslu og þekkingu. Til að komast í hóp kaupenda þurftu fjárfestar að uppfylla tvö af þeim.

> ”
> **Ef menn vilja gagnrýna eitthvað þá ættu þeir að horfa á verðið sem ríkið seldi á.**
>
> Jakob Valgeir Flosason, fjárfestir

VERUM VAKANDI
Stöðvum kynferðisofbeldi á djamminu
ER ALLT Í GÓÐU?
SEGÐU FRÁ 112 EINN EINN TVEIR
LÖGREGLAN Stjórnarráð Íslands Dómsmálaráðuneytið
Opnaðu myndavélina í símanum þínum og skannaðu þennan QR kóða.




**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**Bílasala Reykjaness**
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is




Emmanuel Macron og Marine Le Pen þykja líkleg til að komast í gegnum fyrstu umferð forsetakosninganna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Stefnir í einvígi milli Macron og Le Pen

kristinnhaukur@frettabladid.is

**FRAKKLAND** Emmanuel Macron Frakklandsforseti hefur leitt allar kannanir fyrir forsetakosningarnar í rúman mánuð. Fylgi hans hefur þó örlítið dalað undanfarna viku. Fyrri umferð kosninganna fer fram á sunnudag.

Samkvæmt nýjustu könnuninni hefur Macron 26,5 prósenta fylgi en mest hafði hann 33,5 prósent, fyrir sléttum mánuði. Macron er talinn öruggur um að komast í næstu umferð, en í franska kosningakerfinu er kosið milli tveggja efstu frambjóðendanna til að hreinn meirihluti fáist á bak við annan hvorn.

Í öðru sæti er hægri popúlistinn Marine Le Pen með 23 prósenta fylgi, sem er nokkur aukning en fyrir mánuði hafði hún gjarnan á bilinu 16 til 18 prósent. Le Pen hefur lengi verið vilhöll Vladímír Pútín Rússlandsforseta en það er ekki að sjá að þessi tengsl komi niður á fylgi hennar.

Í þriðja sæti er vinstrimaðurinn Jean-Luc Mélenchon með 16,5 prósenta fylgi samkvæmt nýjustu könnun. Enginn annar frambjóðandi nær 10 prósenta fylgi en alls eru 12 í framboði. Næst því komast hægri öfgamaðurinn Éric Zemmour og Valérie Pécresse, frambjóðandi Repúblíkana, með 8,5 prósent hvort.

Líklegast er talið að Macron og Le Pen mætist í annarri umferð, sem fram fer 24. apríl, líkt og árið 2017. Þá sigraði Macron með 66 prósentum á móti 34 hjá Le Pen. Mjórra er á mununum milli þeirra tveggja samkvæmt skoðanakönnunum nú, en Macron hefur 6 prósenta forystu, 53 prósent á móti 47. Fari svo að Macron mæti Mélenchon, leiðir Macron með 60 prósentum gegn 40. ■

> Macron hefur 26,5 prósenta fylgi en Le Pen 23.

## Dýragarðar fela fugla vegna faraldurs

georg@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** Dýragarðar í Bandaríkjunum og Kanada færa nú fugla sína inn í hús í von um að koma í veg fyrir að þeir smitist af skæðri fuglaflensu sem breiðist hratt út á meginlandinu. AP-fréttaveitan greinir frá því að yfir 23 milljónir alifugla hafa verið aflífaðar í Bandaríkjunum til að koma í veg fyrir dreifingu veirunnar meðal fugla í haldi.

Fyrir skömmu kynnti Matvælastofnun reglur og aðgerðir til að fyrirbyggja smit meðal alifugla hér á landi. Öruggt þykir að farfuglar muni bera veiruna með sér til landsins í vor. ■

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

ÁRSFUNDUR VIRK

Ársfundur VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs verður haldinn þriðjudaginn 26. apríl í salnum Háteigi á Grand Hótel Reykjavík kl. 13.00-16.00.

**Dagskrá**

Ávarp ráðherra
Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra

Starfsemi VIRK
Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK

Heilsa, lífskjör og félagslegur jöfnuður
Svandís Nína Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá VIRK

Reynslusaga einstaklings sem lokið hefur starfsendurhæfingu
Reynslusaga stjórnanda úr atvinnulífinu

Hefðbundin ársfundarstörf samkvæmt skipulagskrá:
1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur VIRK 2021 kynntur og borinn upp til samþykktar
3. Tilkynning um skipan stjórnar
4. Kosning endurskoðenda
5. Önnur mál

Ársfundurinn er öllum opinn en einungis meðlimir fulltrúaráðs VIRK hafa atkvæðisrétt.

Skrá skal þátttöku á virk.is



Hart var barist við bæinn Bútsja. Eftir að Rússar hörfuðu frá norðurhluta landsins voru teknar myndir af óhugnanlegri aðkomu sem þykir sanna að Rússar hafi framið stríðsglæpi gegn óbreyttum borgurum. FRÉTTBLAÐIÐ/EPA

# Pútín beinir spjótum sínum að austurhéruðum Úkraínu

Átökin í Úkraínu hafa nú staðið yfir í meira en fjörutíu daga og enginn endir á átökunum virðist vera í kortunum.

georg@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Úkraínumenn búa sig nú undir að rússneski herinn hefji brátt sókn sína inn í austurhéruð landsins af fullum krafti. Rússneska hernum hefur ekki tekist að ná upphaflegum markmiðum sínum í Úkraínu. Fyrir skömmu viðurkenndi Dmítríj Peskov, talsmaður rússnesku ríkisstjórnarinnar, að rússneski herinn hefði mátt þola mikið mannfall á vígvellinum.

Í lok mars kynnti Vladímír Pútín Rússlandsforseti uppfærða hernaðaráætlun innrásarliðs síns þar sem horfið er frá upphaflegum áformum um að hernema höfuðborgina Kænugarð og ná stjórn yfir landinu öllu. Í staðinn verði aukin áhersla lögð á að herja á borgir og bæi í Donbass-héraði og Lúhansk.

Þrátt fyrir breytt áform telja ýmsir sérfræðingar að nýja stefnan muni einkennast af meiri grimmd og auknum árásum á óbreytta borgara. Fréttamiðillinn CNN hefur eftir háttsettum herforingja í úkraínska hernum að hann telji rússneska herinn stefna að því að gjöreyða hafnarborginni Maríupol sem stendur við Asovshaf. Rússneski herinn hefur nú setið um borgina í fjörutíu daga og sprengjuárásir aukist dag frá degi.

Bæjarstjóri Maríupol hefur sagt að um hundrað þúsund óbreyttir borgarar séu enn fastir í borginni. Ljóst er að ef ekkert er að gert stefnir í miklar hamfarir. Þá kallaði forseti Úkraínu, Volodímír Selenskíj, eftir því að grísk stjórnvöld aðstoði við að ferja borgarbúa Maríupol í skjól frá átökunum.

Á sama tíma eru stjórnvöld í ríkjum Evrópu og Norður-Ameríku í óðaönn að kynna nýjar og hertar refsiaðgerðir á hendur rússneskum fyrirtækjum og valdaelítu. Enn eru kaup Evrópuþjóða á kolum og gasi frá Rússlandi undanskilin þessum refsiaðgerðum. Talið er að Evrópulönd muni hætta að kaupa kol af Rússum í ágúst næstkomandi. Þá hafa fyrirtæki í Kína nýverið dregið úr viðskiptum sínum við Rússland, en stjórnvöld í Kína hafa hvorki fordæmt innrás Pútíns né lýst yfir eindregnum stuðningi við hana.

Þvinganirnar koma í kjölfar vísbendinga, sem fundist hafa á svæðunum sem Rússar hafa nýlega yfirgefið, um að rússneski herinn hafi framið stríðsglæpi gegn óbreyttum úkraínskum borgurum. Myndir af fórnarlömbunum frá bænum Bútsja hafa vakið mikla athygli og eru taldar bera vitni um voðaverk innrásarliðsins. Yfirvöld í Rússlandi hafa þó hafnað þessum sönnunargögnum og sagt myndefnið frá Bútsja vera falsað og hafa sakað Úkraínumenn um rógburð.

Fyrir skömmu birti þýska leyniþjónustan BND hljóðupptökur þar sem heyra má rússneska hermenn ræða sín á milli um dráp á óbreyttum borgurum á svæðum í grennd við Bútsja. Þá telja blaðamenn hjá þýska blaðinu Der Spiegel að upptökurnar sanni að hin alræmda Wagner-sveit hafi átt þátt í voðaverkunum. Sveitin, sem skipuð er málaliðum, hefur verið bendluð við stríðsglæpi. ■

> Yfir hundrað þúsund óbreyttir borgarar eru enn fastir í Maríupol.

## Ólöglegt að áreita konur sem fara í þungunarrof

kristinnhaukur@frettabladid.is

**SPÁNN** Einstaklingar sem áreita eða reyna að koma í veg fyrir að þunguð kona fari í þungunarrof geta átt yfir höfði sér allt að árs fangelsi, samkvæmt nýjum lögum sem spænska þingið samþykkti á miðvikudag. Þetta var eitt af stefnumálum forsætisráðherrans Pedro Sanchez og Sósíalistaflokks hans.

> 89 prósent kvenna sem vildu enda meðgöngu verða fyrir áreitni eða hótunum.

Samkvæmt lögunum á þetta við um alla sem reyna á einhvern hátt að hindra konu í að nota rétt sinn, hvort sem það er með hótunum, ógnunum eða öðrum hætti. Mótmæli fyrir utan þungunarrofsstöðvar verða bönnuð og lögin ná einnig til heilbrigðisstarfsfólks. Samkvæmt könnun frá árinu 2018 sögðust 89 prósent kvenna sem vildu enda meðgöngu hafa orðið fyrir áreitni eða hótunum. ■



Leó Árnason, stjórnarformaður Sigtúns Þróunarfélags, Elva Rakel Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Svansins á Íslandi, og Gylfi Gíslason, framkvæmdastjóri Jáverks. MYND/AÐSEND

# Miðbærinn á Selfossi tryggir sér Svansvottun

birnadrofn@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** Nýi miðbærinn á Selfossi hefur fengið Svansvottun og er þar með stærsta einstaka verkefnið sem hlotið hefur slíka vottun á Íslandi. Vottunin tekur til þrettán bygginga sem samtals eru 5.500 fermetrar.

Samkvæmt tilkynningu frá Umhverfisstofnun hefur mikil áhersla verið lögð á umhverfismál við uppbygginguna miðbæjarins. Samið var við Umhverfisstofnun 2019 um Svansvottun á byggingum.

Við afhendingu vottunarinnar á Selfossi í mánudag sagði Elva Rakel Jónsdóttir, framkvæmdarstjóri Svansins, Svansvottun bygginga í mikilli sókn og eftirspurn og áhugi á þeim hafi vaxið svo um munar undanfarin ár.

„Það skiptir virkilega miklu máli að verkefni af þessari stærðargráðu sæki um umhverfisvottun en það sýnir mikla samfélagslega ábyrgð og eiga aðstandendur verkefnisins hrós skilið,“ segir Elva.

Í Svansvottun felst að allar byggingar- og efnavörur sem notaðar eru við framkvæmdir séu umhverfisvottaðar. Vörurnar þurfa að uppfylla strangar kröfur um innihald skaðlegra efna. Meginmarkmið vottunarinnar er að draga úr umhverfisáhrifum bygginga, sporna við hnattrænni hlýnun og vernda heilsu þeirra sem koma að verkinu á framkvæmdatíma. ■




# Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.

JENSEN®
Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com

Skeifan 6 / 5687733 / epal.is

epal




**Jensen rúm:**

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
- Norsk gæðaframleiðsla frá 1947. Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur. Yfirdýnur í úrvali.
- Stuttur afhendingartími, ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum




* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.

# Hinir syndlausu



**Kolbrún Bergþórsdóttir**
kolbrunb
@frettabladid.is

Heift og reiði fara engum vel, en í íslensku samfélagi er nánast orðin skylda að spúa út úr sér eitri verði náunganum á. Þar sem manneskjan er í eðli sínu breysk þá þarf ekki að leita lengi til að finna einhvern sem hefur hagað sér óæskilega og þykir fyrir vikið eiga skilið útskúfun. Hinir syndlausu og refsiglöðu hafa því ætíð nóg til að hneykslast á. Þeir munu ótrauðir halda áfram baráttu sinni og hugsanlega koma sér upp kjörorðinu: Skandalalaust Ísland 2030.

Reiðin grasserar sem aldrei fyrr gagnvart þeim sem verða uppvísir að því að hafa gert slæm mistök í lífinu. Um leið er verið að afneita þeirri staðreynd að öll gerum við mistök á lífsleiðinni, mismörg og misalvarleg þó. Við komum illa fram við aðra, segjum orð sem við áttum að láta ósögð og brjótum af okkur á ýmsan hátt. Vitanlega er ekki gaman að gera mistök og flest iðrumst við þeirra. Af mistökum má hins vegar læra og verða fyrir vikið reynslunni ríkari. Gömul mistök verða því ekki endurtekin. Þetta heitir að þroskast sem manneskja.

Nú er komin upp sú staða hér á landi að fjöldi fólks lætur eins og það hafi mikla siðferðilega yfirburði yfir aðra enda telur það sig algjörlega syndlaust. Það talar eins og því hafi aldrei orðið á mistök á ævinni heldur ætíð gengið um með geislabaug. Í krafti eigin ágætis tekur þetta fólk sér vald til að benda á aðra og krefjast þess að viðkomandi verði útskúfað úr samfélaginu vegna hinna og þessara brota. Þessir sjálfskipuðu varðhundar velsæmisins telja sig vita upp á hár hvernig eigi að skapa betra samfélag – það skal gert með útskúfun. Sá brotlegi skal missa vinnuna og æruna.

Varðhundunum er nákvæmlega sama hvort viðkomandi iðrast eða ekki og engu skiptir þótt hann hafi beðist einlæglega afsökunar. Honum var nær, hann átti að vita betur, er sagt. Það á reyndar við okkur öll, þegar við gerðum okkar mistök hefðum við átt að vita betur. Samt gerðum við mistökin. Einfaldlega vegna þess að við erum mannleg.

Með því allra viturlegasta sem sagt hefur verið hér á jörðu eru orð Krists: „Sá yðar sem syndlaus er kasti fyrstur steini …“ Nú keppast menn um að verða fyrstir til að kasta steinum í þann seka. Refsigleðin er orðin vopn í heilagri baráttu fyrir því að gera heiminn skárri en hann er. Um leið gleymist hið mikilvæga sem er það að án fyrirgefningar og mildi er alls ómögulegt að gera heiminn betri. ■

> Þessir sjálfskipuðu varðhundar velsæmisins telja sig vita upp á hár hvernig eigi að skapa betra samfélag – það skal gert með útskúfun.

## Halldór







## Frá degi til dags

kristinnhaukur@frettabladid.is

**Þögn við matarborðið**
Samskiptaleysi Bjarna Benediktssonar og Benedikts Sveinssonar föður hans er mál málanna í dag. En Bjarni sagðist í gær ekki hafa hugmynd um að pabbi sinn væri einn af útvöldum kaupendum að tæplega fjórðungshlut í Íslandsbanka. Bjarni kom af fjöllum. Það sama kom upp árið 2017 þegar Bjarni sagði Sigríði Andersen dómsmálaráðherra hafa sagt sér að pabbi hans væri meðmælandi barnaníðings. Áfall fyrir Bjarna að komast að því. Hvað ætli þeir feðgar tali eiginlega um við sunnudagsmatarborðið? Varla gengi Manchester United, það er svo dapurt. Né heldur Stjórnunnar. Það væri reyndar fróðlegt að fá að heyra um fleiri hluti sem þeir tala ekki um.

**Íslenskt**
Fæstum dylst að sala Íslandsbanka er óþverri. Þarna var útvöldum boðin almenningseign á góðum afslætti. Skipti engu hvort viðkomandi væru til rannsóknar vegna mútumála eða nýlega kærðir fyrir kynferðisbrot. Þetta voru þeir sem voru valdir til að kaupa. Óskaplega íslenskt allt saman. Innan ríkisstjórnarflokkanna þegja allir nema einn varaþingmaður, sem sjálfsagt hefur gleymst að setja á póstlistann. Enn þá íslenskara er að þetta verður allt saman gleymt eftir nokkrar vikur. Þá verður farið að huga að næsta útboði og sjálfsagt sömu aðilum boðið að borðinu. ■

# Nærum jarðveg fyrir blómlegt atvinnulíf



**Þórdís Lóa Þórhallsdóttir**
oddviti Viðreisnar í Reykjavík

Við erum öll sammála um að atvinna og nýsköpun eigi að blómstra í Reykjavík. Þess vegna samþykkti borgarstjórn í vikunni nýja atvinnu- og nýsköpunarstefnu eftir gott, þverpólitískt samstarf með aðkomu atvinnulífsins, nýsköpunargeirans og almennings. En til að svo megi vera þarf að næra jarðveginn.

Þess vegna voru einnig 12 skilgreindar aðgerðir lagðar fram með, sem sýna hvernig við ætlum að næra jarðveginn fyrir blómstrandi atvinnu og nýsköpun. Sumar snúa að borginni sjálfri og hvernig hún ætlar að nýta fjármagn sitt, til dæmis að verja skilgreindu hlutfalli í umbóta- og nýsköpunarverkefni og að endurskoða innkaup sín til að efla samkeppni og auka fjölbreytni birgja. Og við höfum aðgerðir til að bæta samtal á milli borgarinnar og atvinnulífsins svo að við getum betur gengið saman að því að byggja upp enn blómlegra atvinnulíf.

Það eru tvær aðgerðir sem ég er spenntust fyrir og held að muni gera mest til að einfalda líf okkar sem íbúa og atvinnurekenda. Annars vegar að útbúa rafrænan vettvang fyrir fyrirtæki til að sækja þjónustu hjá borginni í samræmi við hugmyndafræði „Once-only“. Þetta hefur lengi verið stefna Evrópusambandsins í samskiptum við borgara, stofnanir og fyrirtæki til að einfalda stjórnsýsluna verulega. Með slíkri breytingu þarf bara einu sinni að skila inn grunnupplýsingum um sig. Kerfi borgarinnar eigi svo að sjá til þess að þessar upplýsingar séu aðgengilegar. Þetta mun spara fjölmörg spor og pappírsbunka í samskiptum við borgina.

Hitt atriðið er að efla atvinnulíf inni í hverfum borgarinnar. Hugmyndafræðin á bak við þéttingu byggðar snýst um að með fleiri íbúum hverfis sé kominn grundvöllur fyrir aukna nærþjónustu í hverfinu. Það er einnig að fólk eigi þess kost að starfa innan hverfis. Með aukinni nærþjónustu og dreifingu vinnustaða dregur úr umferðarþunga á stærstu umferðaræðunum og okkur líður betur á leið til vinnu.

Stefna er fyrirheit en það sem máli skiptir er að koma þessum aðgerðum til framkvæmda. ■

> Kerfi borgarinnar eigi svo að sjá til þess að þessar upplýsingar séu aðgengilegar.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
**VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Áhugafjárfestir

## Í dag



Guðmundur Steingrímsson

Nú þegar önnur afturrúðan á bíl okkar hjóna, Renault Mégane árgerð 2008, er föst niðri og það er frost í lofti – og því ekki eins gaman að keyra með rúðu opna eins og ella gæti verið á góðum sumardegi eða í hlýrra landi – get ég ekki varist þeirri hugsun að það sé eitthvað til í því að bílakostur heimilisins sé ekki eins og best verður á kosið. Þessarar hugsunar gætti einnig í vetur þegar sú hin sama bifreið tók upp á því að spóla í slabbi upp Hellisheiðina, rétt eftir Bláfjallaafleggjarann, þar sem ég hefði haldið að hallinn í landslaginu væri alls ekki svo mikill að nokkur bifreið myndi spóla. Þegar það gerðist svo nokkru síðar að rúðuþurrkurnar og framljósin biluðu á sama tíma í hellidembu í myrkri úti á landi, þá horfðum við hjónin á hvort annað og hugsuðum hið sama: Við höfðum náð ótvíræðum lágpunkti í okkar bílamálum.

Þessar vangaveltur vegna bílavandræða þróuðust smám saman í vikunni í vissar vangaveltur um stöðu mína í samfélaginu. Einkum hef ég velt fyrir mér hvar ég mögulega stend í samanburði við þann hóp Íslendinga sem boðið var að kaupa á sérstökum vildarkjörum hluti í Íslandsbanka á dögunum og græða á því umsvifalaust nokkurt fé. Rétt í þann mund er ég reyndi að toga bílrúðuna árangurslaust upp með valdi núna einhvern morguninn, skaust sú hugsun upp í hugarhvelið, án efa undir áhrifum frá ferskum fréttaflutningi af almennri óánægju með áðurnefnda hlutabréfasölu, að ég væri alveg örugglega ekki það sem kallað er fagfjárfestir. Fjárfestingar heimilisins í bílum benda til þess að ég tilheyri ekki þeim hópi. Ég hlýt að vera áhugafjárfestir. Kaup mín á hlutum eru ekki fagleg.

Reyndar var bifreiðin mjög ódýr, þannig að mér er kannski ekki alls varnað. Eftir stendur samt hin eðlilega vangavelta: Ef maður keyrir um á spólandi Renault 2008 með bilaða rúðu, getur maður þá talist fagfjárfestir? Hvað merkir þetta hugtak? Hvað þarf maður að gera til þess að tilheyra þessum hópi?

Ég hef heyrt þetta hugtak í gegnum tíðina. Aldrei hef ég samt spáð í það mikið fyrr en nú. Mínar köldustu grunsemdir eru þær, að hugtakið sé einfaldlega notað til þess að gera ráðandi öflum kleift að aðskilja ákveðinn hóp frá öðrum þegar kemur að því að sýsla með fé. Lengi hefur það loðað við svokölluð kapítalísk markaðssamfélög, að eigi fólk peninga – eða skuldi mikla peninga (gildir einu) – sé stefnan sú, meðvitað eða ómeðvitað, að gera því fólki mögulegt að eignast sem mest af meiri peningum. Ríkir verða ríkari. Hugtakið „fagfjárfestir“ er upplagt í þessu skyni. Ef manneskja á mikið fé, eða sýslar auðsýnilega með mikið fé – hvort sem hún á það eða ekki – lítur kerfið svo á að þar fari kunnáttumanneskja með fé. Bílrúður eru þar allar í lagi og ekkert spólerí á Hellisheiðinni.

Ég gúgglaði. Á heimasíðu eins fjárfestingarbankans gefur að líta skilgreiningu á því hvað er að vera fagfjárfestir. Þar stendur: „Með fagfjárfestum er átt við viðskiptamenn sem búa yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir.“ Nú er það svo, eins og hér hefur verið ýjað að, að sterkur þráður í mér er reiðubúinn að taka undir það, sérstaklega í þessari viku, að ég sé engan veginn fær um að taka sjálfur ákvarðanir um fjárfestingar. Hins vegar verð ég að segja að það er ákaflega sterkur þráður í mér einnig sem finnst þetta fagfjárfestatal óttalegt bla.

Listi var birtur. Hverjir fengu að kaupa. Þar eru alls konar nöfn. Þegar grannt er skoðað sést að undir alls konar fánum sigla þar peningamenn jafnvel með allt niðrum sig út af mútumálum og öðru, og slóð óráðsíu, sérstaklega eftir að þeim tókst þó nokkrum í fagmennsku sinni í samfloti með öðrum að setja hér heilt fjármálakerfi á hliðina fyrir um áratug eða svo. Málið er það að mér finnst ég skilja ágætlega hugtökin „langtímafjárfestir“ og meira að segja „kjölfestufjárfestir“. Þá er leitað að fjárfestum sem vitað er að muni hlúa að fjárfestingunni til langs tíma, og fylgja eigninni í gegnum súrt og sætt. En „fagfjárfestir“, hins vegar, sérstaklega eftir að þessi listi var opinberaður, það er hugtak sem óneitanlega birtist mér, ekki síst vegna sögunnar, sem merkingarlaust orðskrípi.

Hún er hins vegar lúmsk og sterk þessi tilhneiging kapítalískra markaðssamfélaga til að vilja, þrátt fyrir allt tal um jöfnuð, gera hina ríku ríkari. Það er ætíð stefnan.

Þetta hugsaði ég um leið og ég fann til límband og klippti til svartan ruslapoka til að setja í bílgluggann. ■

# Jarðstrengir í flutningskerfinu – sýnd veiði en ekki gefin?



Magni Þór Pálsson
verkefnastjóri rannsókna hjá Landsneti

Flutningskerfi raforku skiptist í grófum dráttum í tvennt. Annars vegar er meginflutningskerfið, flutningslínur á 132 kV og 220 kV spennu sem liggja milli landshluta. Byggðalínuhringurinn (132 kV) telst til meginflutningskerfisins og einnig t.d. 220 kV línurnar frá Þjórsársvæðinu inn á SV-hornið. Hins vegar eru svo landshlutakerfin, sem tengjast meginflutningskerfinu og flytja raforkuna til dreifiveitna innan hvers landshluta. Dæmi um landshlutakerfi er 66 kV kerfið á Suðurlandi. Í þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína segir að meginreglan, við lagningu nýrra flutningslína eða endurnýjun eldri í landshlutakerfum raforku, skuli vera að notast við jarðstrengi – að því gefnu að það sé tæknilega mögulegt og kostnaðarhlutfall miðað við loftlínu sé innan ákveðinna marka. Í meginflutningskerfinu skuli loftlína hins vegar vera meginreglan, en svo eru talin upp atriði sem réttlæta það að jarðstrengskostur sé metinn. Þessi skipting er í öllum aðalatriðum sambærileg stefnu um lagningu raflína í öðrum löndum. Spennustigið í landshlutakerfunum er að jafnaði lægra (66 – 132 kV) en í meginflutningskerfinu (132 – 220 kV), eins og kemur fram hér að ofan, og áskoranir, tengdar rekstri jarðstrengslagna, aukast með hækkandi spennustigi.

Þingsályktunin tekur sérstaklega fram að skoða þurfi hvort það sé tæknilega raunhæft að leggja jarðstreng frekar en loftlínu, enda er það grundvallarforsenda. Jarðstrengur er þannig uppbyggður að þegar sett er á hann spenna getur hann haft óæskileg áhrif á rekstur kerfisins, til að mynda á spennugæði, vegna svokallaðs launafls sem myndast í strengnum vegna uppbyggingar hans. Það eru ýmsir þættir sem spila þarna inn í, svo sem rekstrarspenna kerfisins, lengd jarðstrengs og styrkur kerfisins á viðkomandi svæði. Kerfisstyrkurinn er mjög misjafn milli landshluta og helstu þættir sem hafa áhrif á hann eru nálægð við virkjanir (og stærð þeirra) og möskvun kerfisins. Af þeim sökum er svigrúm til jarðstrengslagna afar misjafnt milli landsvæða og nauðsynlegt að skoða og meta hvert tilvik fyrir sig.

### Innbyrðis áhrif

Jarðstrengslögn í einni línu getur haft áhrif á möguleika til jarðstrengslagna í annarri línu á sama svæði. Því er nauðsynlegt að vinna ítarlega kerfisgreiningu í hverju tilfelli, eins og áður segir. Þessi innbyrðis áhrif eiga einnig við á milli spennustiga, til dæmis milli meginflutningskerfis (220 kV) og undirliggjandi landshlutakerfis (66 kV). Þannig getur jarðstrengslögn í 220 kV línu í meginflutningskerfinu, þó hún sé ekki nema örfáir kílómetrar, haft þau áhrif á undirliggjandi landshlutakerfi (66 kV) að útilokað sé að leggja þar margfalt lengri jarðstreng. Þá er augljóst að verið er að fórna meiri hagsmunum fyrir minni, auk þess sem beinlínis er gengið gegn stefnu stjórnvalda, þ.e. landshlutakerfin eiga að njóta forgangs þegar kemur að úthlutun þeirra takmörkuðu gæða sem jarðstrengir í flutningskerfinu eru. Sem dæmi um þessi innbyrðis áhrif má taka greiningu sem Landsnet hefur unnið, þar sem samspilið milli áhrifaþáttanna er þannig að 3 km langur jarðstrengskafli í 220 kV línu í meginflutningskerfinu kemur í veg fyrir lagningu um 40 km langs 66 kV jarðstrengs í undirliggjandi landshlutakerfi.

Umhverfislegur ávinningur þess að leggja 40 km jarðstreng í 66 kV línu í landshlutakerfi frekar en 3 km jarðstreng í 220 kV línu í meginflutningskerfinu á sama svæði, er óumdeildur. Sýnileiki 40 km af 66 kV loftlínu er mun meiri en sýnileiki 3 km af 220 kV loftlínu, auk þess sem 66 kV línan hefur áhrif á mun stærra landsvæði og fleiri landeigendur. Þar kemur einnig að þætti sveitarfélaganna og samfélagslegri ábyrgð þeirra. Það er afar mikilvægt að sveitarfélagið horfi á hagsmuni heildarinnar. Það eru eðlisfræðilögmál sem ráða því hversu mikið er hægt að leggja af jarðstrengjum á hverju svæði fyrir sig. Það er þáttur sem verður að taka með í reikninginn, til dæmis í skipulagsvinnu.

Lagning jarðstrengja í flutningskerfum og rekstur þeirra er áskorun sem öll raforkuflutningsfyrirtæki standa frammi fyrir. Við hjá Landsneti hvetjum almenning til að láta sig þessi mál varða. Það er afar mikilvægt að umræðan sé upplýst og byggð á rökum. Við fögnum því að fá tækifæri til þess að skýra út hluti og ræða saman á málefnalegum grunni. ■



# Eru börn með þroska-, hegðunar- og geðvanda lögreglumál?



**Katrín Helga Hallgrímsdóttir**
framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur



> Eins og staðan er í dag fá börnin ekki þá þjónustu og þá meðferð sem þau eiga rétt á.

Birtingarmynd þess vanda sem blasir við í málum barna með geð-, hegðunar- og þroskaraskanir er margs konar. Í alvarlegustu tilvikunum eru börn sett í handjárn og í lífi sumra þeirra eru afskipti lögreglu regluleg, eins og dvöl á neyðarvist eða í fangaklefa, ferðir á spítala og aðkoma Stuðla, Barnaverndar og BUGL. Börn með alvarlegan geð-, þroska- og hegðunarvanda eiga ekki að vera lögreglumál og það er óboðlegt að það sé raunverulega staðan í dag.

Oft er um að ræða börn með alvarleg áföll að baki og mikla tengslaröskun. Í öðrum tilvikum eru þau með þroskaskerðingar eða miklar geðraskanir. Birtingarmynd vandans er ýmiss konar og snertir kerfin mismikið. Þau eru í sjálfsskaða, beita ofbeldi, setja sjálf sig og umhverfi sitt í hættu eða leita lausna á vanlíðan sinni með neyslu áfengis og fíkniefna.

Málið hefur að hluta til og í hálfgerðu tómarúmi verið leyst með aðkomu einkaaðila sem hafa tekið að sér að vista börn í þessari stöðu. Þá býr barn í séríbúð með 2–3 starfsmenn með sér allan sólarhringinn til að gæta að öryggi þess og tryggja því umönnun og fullnægjandi aðbúnað. Í sumum tilvikum eru málin unnin í góðri samvinnu við foreldra og barn. Í öðrum tilvikum eru þetta börnin okkar í Barnaverndinni, börn sem eiga engan að nema ráðgjafann sinn og eiga jafnvel að baki nokkrar fósturvistanir sem ekki hafa gengið upp vegna krefjandi umsjár. Í einkaúrræðunum er börnunum sinnt af virðingu og hlýju og reynt eins og hægt er að veita þeim þá meðferð og það atlæti sem þau þurfa. Það er hins vegar ekki hlutverk sveitarfélaga og einkaaðila í þeirra umboði að veita börnum með alvarlegan geð-, hegðunar- og þroskavanda langtímameðferð.

Ýmsar leiðir eru færar í þessum málum og engin ein lausn til sem leysir allan vanda. Langtíma meðferðarúrræði, þar sem börn fá öfluga meðferð en búa jafnframt í öruggum aðstæðum til lengri tíma, verður að vera til. Í slíku úrræði þarf jafnframt að vera hægt að sinna skammtímainnlögnum og hvíldardvölum fyrir börn sem eiga fjölskyldur eða eru í fóstri en þurfa reglulega á innlögn að halda. Slíkt meðferðarúrræði þarf að vera starfrækt á forsendum heilbrigðis-, geðheilbrigðis- og félagsmála og fulltrúar allra þessara málaflokka ásamt sveitarfélögunum þurfa að koma að því.

Byggja þarf upp öflugt kerfi fósturforeldra sem geta tekið við börnum í svokallað styrkt fóstur til 18 ára aldurs. Í styrktu fóstri dvelur barn á hefðbundnu heimili en einn til tveir fullorðnir heimilismeðlimir koma að umönnun barnsins og sinna því í fullu starfi. Mikið er unnið með að leysa vanda einhverra barna með úrræðum sem þessum, þannig að börn geti dvalið sem mest í eðlilegu fjölskylduumhverfi en ekki í vaktskiptu stofnanaúrræði. Mörg þeirra barna sem dvalið geta í styrktu fóstri þurfa þó reglulega á hvíldarinnlögn að halda í meðferðarúrræði sem getur veitt meiri þjónustu og öflugra utanumhald en hægt er að koma við á heimili. Það er hlutverk Barna- og fjölskyldustofu að útvega barnavernd styrkt fóstur en mörg dæmi eru um að ekki fáist styrkt fóstur fyrir börn sem þurfa þá að alast upp í vaktskiptu stofnanaúrræði.

Eins og staðan er í dag fá börnin ekki þá þjónustu og þá meðferð sem þau eiga rétt á. Vandi þeirra leggst með þunga á öll kerfi en takmarkaðar lausnir eru til. Starfsfólk þeirra kerfa sem koma að málum þeirra reynir hvað það getur til að sinna barninu og fjölskyldu þess en er í gjörsamlega vonlausri stöðu. Við getum fundað endalaust en meðan ekkert langtímameðferðarúrræði er til staðar mun vandinn halda áfram að stækka og börnin sem mega engan tíma missa bara bíða.

Verandi „ný“ í þessu kerfi er ekkert sem mér hefur blöskrað jafn mikið og úrræðaleysið í málefnum barna með alvarlegar geð-, hegðunar- og þroskaraskanir. ■

# Umhverfismat eða bara plat?



**Helga Kristín Gunnarsdóttir**
stjórnandi hópsins Vinir Vatnsendahvarfs

> Það er óskiljanlegt að yfirvöld hafi ekki áhuga á að kanna áhrif á umhverfi af svona stórri framkvæmd, þegar 19 ár eru liðin frá fyrra mati.

Nýlega voru kynnt drög að nýju deiliskipulagi Arnarnesvegar, sem liggja á um Vatnsendahvarfið frá Rjúpnavegi að Breiðholtsbraut. Þessi vegarlagning mun þýða að það verður sprengd 60 metra breið geil, 1,5 kílómetrar að lengd, inn í eitt af dýrmætustu útivistarsvæðum höfuðborgarsvæðisins. Umhverfismat fyrir þessa framkvæmd er frá 2003, en vegna glufu í lögum um umhverfismat hefur Skipulagsstofnun úrskurðað að það þurfi ekki að gera nýtt mat því byrjað hafi verið á veginum árið 2004 þegar jarðvegsefni var mokað úr sunnanverðu Vatnsendahvarfi, þar sem skólagarðar Kópavogs eru í dag. Þessi glufa í lögunum þýðir að það geta liðið hundrað ár frá því umhverfismat var gert, án þess að gera þurfi nýtt mat, svo lengi sem framkvæmdarleyfishafi hefur tekið hjólböru af jarðvegi af tilætluðum framkvæmdarstað. Þetta gerir sorglega lítið úr lögum um umhverfismat og skortir almennt siðferði. Það er óskiljanlegt að yfirvöld hafi ekki áhuga á að kanna áhrif á umhverfi af svona stórri framkvæmd, þegar 19 ár eru liðin frá fyrra mati. Sérstaklega í ljósi þess hversu mikið hefur breyst á þessu svæði á síðastliðnum áratugum og áherslubreytingum í samgöngu- og umhverfismálum. Umhverfismat er ekki hugsað til að verja framkvæmdina, heldur til að verja umhverfi og íbúa.

Miklu meiri áhersla er lögð á umhverfismál nú en í kringum aldamót og græn svæði eru álitin mun dýrmætari en áður fyrr. Vatnsendahvarfið, sem vegurinn á að liggja yfir, var ekki nærri því eins gróið fyrir tuttugu árum eins og það er í dag. Óáreitt yrði þetta svæði líkara Öskjuhlíðinni á næstu áratugum, en eitt sinn átti líka að leggja veg í gegnum þá fallegu hæð. Ný hverfi hafa verið byggð í kringum Vatnsendahvarfið, sem ekki var gert ráð fyrir í umhverfismatinu frá 2003, og umferðarspá er sprungin langt umfram spá í umhverfismatinu. Einnig eru háleit markmið um Vetrargarð sem á að liggja þétt upp við þennan veg, en garðurinn er í raun skipulagður á horni samtals 10 akreina stofnbrauta. Þarna gæti því myndast hættulegt ástand vegna svifryks á gráum dögum og vegurinn auðveldlega orðið ógn við lýðheilsu íbúa.

Mikill ágreiningur hefur verið um útfærslu vegarins bæði innan Skipulagsráðs Kópavogs og Vegagerðarinnar, þó svo báðir aðilar hafi á endanum samþykkt útfærsluna með semingi til að flýta framkvæmdinni. Það virðist þó flestum ljóst að útfærslan sem var kynnt með deiliskipulaginu er ekki að fara að leysa nein vandamál, heldur einungis að skapa ný. Önnur ljósastýrð gatnamót við Breiðholtsbraut, sem er þegar sprungin umferðaræð, munu stífla veginn enn frekar og valda frekari töfum á umferð. Það er með ólíkindum að Vegagerðin skuli fara gegn betri vitund og samþykkja útfærsluna í deiliskipulaginu, í stað þess að fara aftur að teikniborðinu og finna betri leið.

Yfirvöld í Kópavogi hafa borið því við að aðalástæðan fyrir því að leggja Arnarnesveg frá Rjúpnavegi að Breiðholtsbraut sé umferðarflæðið á Vatnsendavegi, sem er slæmt á háannatíma, og að erfitt sé fyrir neyðarbíla að komast leiðar sinnar. En umferðarflæðið hefði til dæmis getað verið stórbætt fyrir mörgum árum ef hringtorg hefðu verið sett við Breiðholtsbraut og Ögurhvarf. Einnig hefði verið mögulegt að opna einfalda leið fyrir neyðarbíla milli bæjarfélaganna. En þessar og aðrar lausnir til að leysa þessi vandamál voru ekki skoðaðar af alvöru, því Arnarnesvegur var á leiðinni og hann átti að leysa allar þessar flækjur. Sem hann mun ekki gera í núverandi mynd.

Það vekur einnig athygli að Kópavogur vill nú leggja Reykjanesbraut að hluta í stokk, og einnig er fyrirhugað að leggja Vorbraut í stokk, til að vernda íbúa og umhverfi. Hvað ætli valdi því að sveitarfélögin og Vegagerðin hafi aldrei tekið til greina að leggja Arnarnesveg, sem yrði hæsti vegur höfuðborgarsvæðisins og liggur í gegnum dýrmæta græna hæð, í stokk eða göng?

Getur það verið að aðrir hagsmunir bæjarstjórnar Kópavogs, eins og að byggja 4.000 manna byggð á toppi Vatnsendahvarfs, séu í raun að stýra þessum illa ígrunduðu framkvæmdum? Og koma í veg fyrir betri lausn verði fundin og nýtt umhverfismat gert? Því án Arnarnesvegar væru forsendur fyrir þessari byggð brostnar og það virðist alls ekkert mega tefja þær áætlanir. Þessi byggð er þó frekar vanhugsuð þar sem hæðin er 140 metrum yfir sjávarmáli og mjög vindasamt á þessu svæði. Fyrir nokkrum áratugum féll mastur í stormi á toppi hæðarinnar og manneskju er varla stætt þarna upp frá þegar vindar blása. Íbúum sitt hvorum megin við Vatnsendahvarfið verður líklegast ekki skemmt þegar þakplötum og byggingarefni frá hæðinni byrjar að rigna yfir heimili þeirra og garða, í gulum, appelsínugulum og rauðum viðvörunum næstu áratuga.

Núverandi tillaga þjónar hvorki íbúum né umhverfi, því skorum við á sveitarfélögin, Vegagerðina og Skipulagsstofnun að endurskoða þessa vegarlagningu með heildarmyndina, náttúruna og komandi kynslóðir í huga. ■



Heimsferðir 30 ára 1992-2022

# 30 ára afmælisafsláttur!

# Mallorca





Flug & hótel frá **77.900**

Verð frá kr. **104.800**

**Lækkaðu ferðina um 30.000 kr. á mann með kóðanum "30ARA"**

**Sjá dæmi um verð með afslætti hér að neðan.**

Athugið: Afsláttur gildir í allar brottfarir til Mallorca sumarið 2022 sem bókaðar eru fyrir 10. apríl. TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ!

BÓKAÐU SÓL ALLUR PAKKINN — Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.

## Palmanova ★★★★
Aquasol Aparthotel



10. júní í 7 nætur

**Frá kr. 77.900** á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **104.800** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

## Alcudia ★★★
Ses Roquetes Apartmentos



17. júní í 7 nætur

**Frá kr. 93.950** á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **130.900** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

## Alcudia ★★★
Sand Beach apartments



24. júní í 7 nætur

**Frá kr. 96.250** á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **137.500** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

## Alcudia ★★★★
Eix Lagotel



1. júlí í 7 nætur

**Frá kr. 99.900** á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **117.200** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

## Alcudia ★★★★
Palm Garden



15. júlí í 7 nætur

**Frá kr. 110.750** á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **166.500** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

## Alcudia ★★★★
Prinsotel La Dorada



29. júlí í 7 nætur

**Frá kr. 125.625** á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **190.250** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

595 1000 • *Bókaðu þína ferð á* heimsferdir.is

Heimsferðir – *fáðu meira út úr fríinu*

## Spá Fréttablaðsins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. sæti | ? | 5. sæti | KR | 9. sæti | KA |
| 2. sæti | ? | 6. sæti | Stjarnan | 10. sæti | ÍBV |
| 3. sæti | FH | 7. sæti | ÍA | 11. sæti | Keflavík |
| 4. sæti | Breiðablik | 8. sæti | Leiknir R | 12. sæti | Fram |

FH hafnar í 3. sæti

Undir stjórn Ólafs Jóhannessonar eru FH-ingar til alls líklegir. Hafa spilað vel í vetur og hafa bætt spilamennsku sína frá leik til leiks. Engin Evrópukeppni mun trufla FH í ár sem gæti reynst liðinu vel en hópurinn er nokkuð þunnskipaður. Ef allt smellur og lykilmenn hrökkva í gang gæti FH unnið titilinn. Kristinn Freyr og Steven Lennon þurfa að tengja saman.

## Lykilmaðurinn



Kristinn Freyr Sigurðsson

Kristinn Freyr Sigurðsson er mættur í Kaplakrika en Valur tók þá ákvörðun að framlengja ekki samning hans síðasta haust. Margir velta því nú fyrir sér hvernig Valur gat tekið þá ákvörðun að leyfa Kristni að fara vitandi það að keppinautar liðsins myndu klófesta hann.

Kristinn blómstraði í Val undir stjórn Ólafs Jóhannessonar og þeir leiða nú saman hesta sína í Hafnarfirði. Ólafur er með meistaragráðu í að ná því besta fram í leikmönnum og allt bendir til þess að Kristinn muni blómstra hjá FH í sumar.

Hann hefur verið frábær í vetur, sér völlinn vel og sendingar hans eru iðulega fullkomlega tímasettar. Kristinn er í þeim gæðaflokki að hann ætti að keppa að því að verða besti leikmaður Bestu deildarinnar í ár.

» Valur losaði sig við Kristin vitandi að keppinautar myndu klófesta hann.

## Vörn

Gunnar Nielsen stendur vaktina í markinu en upprisa hans hefur verið áhugaverð. Markvörðurinn missti stöðu sína undir stjórn Ólafs Kristjánssonar en hefur nú gengið í endurnýjun lífdaganna.

Ljóst er að Ólafur Jóhannesson vill bæta miðverði í hópinn en eins og staðan er í dag verða það Finnur Orri Margeirsson og Guðmundur Kristjánsson sem standa munu vaktina í hjartanu.

FH keypti hægri bakvörðinn Ástbjörn Þórðarson frá Keflavík á dögunum og hefur hann smollið eins og flís við rass hjá FH. Vinstra megin er svo Ólafur Guðmundsson sem keyptur var frá Breiðabliki í fyrra. Ólafur hefur sýnt miklar framfarir og gert vel í Hafnarfirði.

## Miðja

Á miðsvæði FH er nokkur breidd og ef mark má taka á undirbúningstímabilinu verður einn launahæsti leikmaður liðsins, Björn Daníel Sverrisson, á meðal varamanna í upphafi móts. Logi Hrafn Róbertsson kom sterkur inn í liðið á síðustu leiktíð og hefur vaxið sem leikmaður í vetur.

Með Loga á miðjunni verður að öllum líkindum Eggert Gunnþór Jónsson en hann hefur spilað stærstan hluta af mínútum FH á undirbúningstímabilinu.

Kristinn Freyr Sigurðsson hefur svo komið frábærlega inn í liðið og matað sóknarmenn félagsins af stakri snilld. Kristinn gæti verið lykill að því að FH berjist um sigur í deildinni.



Gengi síðustu sex tímabil

**2016** 1. sæti | **2017** 3. sæti | **2018** 5. sæti | **2019** 3. sæti | **2020** 2. sæti | **2021** 6. sæti

■ **Íslandsmeistarar** 2004, 2005, 2006, 2008, 2009, 2012, 2015, 2016 ■ **Bikarmeistarar** 2007, 2010

## Fylgstu með

Það er eins gott fyrir knattspyrnuáhugafólk að fylgjast vel með Loga Hrafni Róbertssyni í sumar því tækifærin verða ekkert mikið fleiri eftir þetta tímabil.

Miðjumaðurinn öflugi sló í gegn á síðustu leiktíð og verður í lykilhlutverki á miðsvæði FH, hefur gríðarlega hlaupagetu en er einnig góður á boltann. Erlend lið hafa sýnt þessum 17 ára gamla leikmanni mikinn áhuga og skal engan undra.

FH-ingar vonast til þess að geta haldið Loga í sínum herbúðum út tímabilið en það er viðbúið að erlend félög láti til skarar skríða í júlí þegar félagaskiptaglugginn opnast. Þrátt fyrir ungan aldur er Logi einn af lykilmönnum FH.

## ▲Komnir/farnir▼

- ▲ Kristinn Freyr Sigurðsson
- ▲ Máni Austmann Hilmarsson
- ▲ Finnur Orri Margeirsson
- ▲ Ástbjörn Þórðarson
- ▲ Haraldur Einar Ásgrímsson
- ▼ Jónatan Ingi Jónsson
- ▼ Hörður Ingi Gunnarsson
- ▼ Guðmann Þórisson
- ▼ Pétur Viðarsson
- ▼ Hjörtur Logi Valgarðsson
- ▼ Morten Beck Andersen

## Sókn

FH-ingar urðu fyrir blóðtöku á dögunum þegar Jónatan Ingi Jónsson var seldur til Noregs. Ólafur Jóhannesson vill bæta við kantmanni áður en mótið fer af stað vegna þess.

Matthías Vilhjálmsson fær það hlutverk að leiða línuna, framherjinn öflugi þarf þó að sýna betri frammistöðu en á síðasta ári.

Steven Lennon virkar svo í fínu formi komandi inn í mótið, Skotinn hefur í áraraðir verið einn skemmtilegast og besti leikmaður deildarinnar. Á hinum kantinum verður það svo Oliver Heiðarsson sem fær traustið til að byrja með. Oliver er kröftugur leikmaður sem gæti kallað það besta fram í Kristni ef Oliver ógnar inn fyrir línu andstæðinganna. Staðan gæti breyst ef FH bætir við sóknarmanni.

## Þjálfari

Smiðurinn geðþekki, Ólafur Jóhannesson, er að smíða spennandi lið í Kaplakrika. Enginn skal efast um að Ólafur er í hefndarhug eftir að Valur rak hann úr starfi haustið 2019 og hann ætlar sér að landa þeim stóra með FH til að sýna þeim hvar Davíð keypti ölið.

Ólafur er klókur þjálfari og með Sigurbjörn Hreiðarsson sem aðstoðarmann eru þeir öflugt teymi. Ólafur nær vel til leikmanna og flækir fræðin ekki um of, þrátt fyrir að vita meira um fótbolta en flestir. Lið Ólafs spila skemmtilegan fótbolta. Með alla þá gæðaleikmenn sem FH hefur úr að spila ætti FH að geta barist um dolluna.

# Koma Kristins mun verða til þess að Matthías skorar meira



Albert Brynjar Ingason

## Albert segir

Í fyrstu leikjum undirbúningstímabilsins fannst mér þetta ekki sannfærandi hjá FH. Þeir voru hægir en þeir eru það lið sem hefur vaxið hvað mest á undirbúningstímabilinu. Í hverjum leik hefur maður séð bætingu, það er meiri hraði í leik þeirra. Eftir að Kristinn Freyr komst inn í þetta hefur það breytt miklu, hann gefur liðinu rosalega mikið. Rætt hefur verið um að þá vanti miðverði í hóp sinn en í vetur hafa þeir lítið fengið á sig af mörkum.

Það er í raun alveg ótrúlegt að Valur hafi ekki einu sinni boðið Kristni Frey nýjan samning. Það er ekki eins og hann sé að komast á síðasta söludag, Kiddi er á besta aldri. Hann gefur mikið af sér, hann er leiðtogi þarna í FH. Kannski var það samt farsæl lausn fyrir hann að skipta um umhverfi og fá nýja áskorun. Ég held að koma hans muni líka gera mikið fyrir Matthías Vilhjálmsson í fremstu línu. Matti var á síðasta ári að koma djúpt á völlinn til að komast í boltann en Kristinn á að sjá um það að mata Matta í sumar. Ég held að Matti muni skora meira en í fyrra þar sem hann skoraði sjö deildarmörk.



Ólafur Jóhannesson er refur sem kann að vinna titla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

» Það er ekki eins og Kristinn Freyr sé að komast á síðasta söludag.

Þeir þurfa að bæta við sig miðverði og hægri kantmanni. Það er blóðtaka fyrir þá að missa Jónatan Inga Jónsson svona skömmu fyrir mót. Þrátt fyrir að vera oft í krummafót upp við markið þá var mikil ógn af Jónatani og hann skapaði mikinn usla í vörn andstæðinganna. Þá vantar svo miðvörð en miðjumennirnir Guðmundur Kristjánsson og Finnur Orri hafa spilað þarna í vetur.

Helsti styrkleiki FH er svo Ólafur Jóhannsson og hans hundtryggi aðstoðarmaður, Sigurbjörn Hreiðarsson. Þeir tveir færa liðinu mikið, Óli er þarna til að berjast um þá titla sem í boði eru. Þeir hafa komið með stemmingu í kringum FH sem hefur vantað síðustu ár. Þeir eru það sem þessi hópur þurfti. Það er stígandi í liðinu og góð liðsheild. Breiddin er ekki sú mesta og því gætu meiðsli komið sér illa fyrir FH í sumar. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

**FÖSTUDAGUR** 8. apríl 2022

MEKÓ
MENNING Í KÓPAVOGI
MEKO.IS



Ætli einstaklingslífið sé í tísku eða hefur fólk ekki tíma til að finna sér maka? FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Fleiri búa einir

elin@frettabladid.is

Stór hluti fólks á aldrinum 25-45 ára í Danmörku kýs að vera án maka og búa eitt. Kjarnafjölskyldan virðist á undanhaldi. Það sama virðist vera að gerast um allan heim. Vaxandi hluti fullorðinna í Bandaríkjunum býr án maka, eftir því sem segir í skýrslu frá Pew Research Center. Samkvæmt henni hafa 50% einhleypra ekki áhuga á rómantísku sambandi og varla einu sinni á stefnumóti. Fyrir marga er einstaklingslífið betri valkostur en fast samband.

Danir hafa miklar áhyggjur af þessari fjölgun einhleypra en samkvæmt nýrri danskri rannsókn eru karlmenn sem búa einir í 36% meiri hættu en aðrir á að deyja úr hjartasjúkdómum. Þeim er bent á að forðast að búa í háhýsi með lyftu þar sem fólk hittist lítið. Bent er á að einstaklingslífið geti ógnað heilsunni.

**Um allan heim**

Í rannsókninni, sem birt er í European Heart Journal – Quality of Care and Cardiovascular Outcomes, fylgdust danskir fræðimenn með 3.300 körlum í Kaupmannahöfn frá miðjum níunda áratugnum og skoðuðu tengslin milli þess að búa einir og áhættunnar á því að fá hjartaáfall og deyja. Í Bandaríkjum og Bretlandi hefur þeim sem kjósa að búa einir fjölgað gríðarlega. Í Tókýó búa allt að 42% af þjóðinni án maka. ■







Svana er ekki einungis að hjálpa öðrum í OsteoStrong heldur hefur tæknin hjálpað henni sjálfri mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# OsteoStrong gjörbylti lífi mínu

Svanlaug Jóhannsdóttir hefur rekið OsteoStrong í þrjú ár. OsteoStrong er byltingarkennt kerfi sem hjálpar fólki að styrkja vöðva, minnka verki í liðum og stoðkerfi, styrkja bein og auka jafnvægi með góðum árangri. Ástundun tekur aðeins um 20 mínútur á viku. 2

Þegar OsteoStrong var opnað í Reykjavík var Ísland fimmta landið sem bauð upp á þessa þjónustu. Þremur árum síðar eru löndin orðin tíu, alls staðar í Skandinavíu og stöðvar OsteoStrong á Íslandi orðnar tvær.

„Við hjónin vorum nýflutt heim til Íslands frá Spáni þegar við skelltum okkur á námskeið í Bretlandi. Námskeiðið snerist aðallega um það að gefa sér tíma til þess að skoða hvað mann langaði til að gera meira af og hvað maður vildi minna af í lífinu. Við komumst fljótt að þeirri niðurstöðu að við vildum allra helst stofna saman fyrirtæki svo við gætum unnið saman að sameiginlegu markmiði en líka svo að við gætum knúsast í kaffitímanum,“ segir Svana og brosir.

„Við sáum fyrir okkur að vinna í því í svona þrjú ár, safna hugmyndum og peningum og svo slá til. Fyrir tilviljun kynntumst við einmitt OsteoStrong í þessari sömu ferð. Það liðu níu mánuðir frá því að hugmyndin kom upp og þar til að við vorum búin að opna fyrstu stöðina. Okkur fannst biðin rosalega löng, en eftir á að hyggja gekk þetta bara mjög hratt.“

**Tími fyrir samveru**

„Það voru mikil viðbrigði að flytjast til Íslands úr spænskri sveitasælu. Við höfum bæði búið í nokkrum löndum þannig að það kom okkur svo sem ekkert á óvart, en samt. Það er svo rosalega mikið að gera hjá Íslendingum, stress í samfélaginu og álag á fólki. Okkur fannst að ef við gætum hjálpað fólki að styrkja sig þetta mikið á svona stuttum tíma þá gæti fólk kannski tekið sér smá tíma í að slaka á og horfa út í loftið eða njóta með sínum nánustu. Það var í rauninni ekki fyrr en við vorum búin að opna að ég fattaði að OsteoStrong gæti líka gert eitthvað fyrir mig,“ segir Svana enn fremur.

**Fall er fararheill**

„Fimm mánuðum áður en við opnuðum OsteoStrong braut ég mjög illa á mér ökklann. Kaldhæðnislega gerðist það á ráðstefnu um sterk bein í Vegas. Beinin voru skrúfuð saman og ég lá í fimm daga á spítala eftir aðgerðina. Það er ekki beint það sem maður er að leita eftir þegar verið er að undirbúa að opna heilsufyrirtæki og langar að líta vel út.

En það er svo skemmtilegt við þetta líf að allt skilar þetta manni einhverju. Ferillinn í framhaldi af þessu broti var fín áminning um það hvað það er ömurlegt þegar líkaminn getur ekki haldið í við mann,“ segir hún.

**Slæm eftir barnsburð**

„Það var svo sem ekkert nýtt fyrir mig að líða ekki nógu vel með skrokkinn á mér. Ég er laus í liðunum og hafði brotið hinn ökklann 20 árum áður. Þegar maður er laus í liðunum og gengur með barn verður grindin oft allt of laus og verkir sem fylgja því miklir. Eftir að ég hafði gengið með þriðja barnið okkar þá var ég svo slæm í grindinni að ég átti erfitt með að lyfta nokkru, þá gat ég stundum ekki labbað daginn eftir. Ég var með frábæran sjúkraþjálfara sem hjálpaði mér með þetta en mikið var það langt og erfitt ferli, mörg ár. Hann hélt mér góðri og hnykkti mig til þegar allt var komið í óefni. Það var samt ekki fyrr en ég fór sjálf að stunda OsteoStrong sem mjaðmirnar urðu til friðs og nú er ég svo ofboðslega frjáls í eigin líkama og fæ svona vandræðalega auka-ánægju af því að lyfta sófum, þvottavélum, steinum eða bara hverju sem ég veit að ég hefði ekki getað valdið áður.

Það er samt ekki það eina. Ég finn bara svo vel hvað ég er tilbúin í alls konar, ekkert hrædd við að þreytast og tilbúnari til þess að færast mikið í fang. Ég finn að grunnurinn er svo miklu betri og nú er ég búin að finna aðra hreyfingu sem ég geri daglega ásamt ástundun á OsteoStrong.“

**Beinþynning er ættgeng**

„Það var svo ekki fyrr en við vorum búin að vera í rekstri í nokkurn tíma sem að ég áttaði mig á að beinþynning er mjög algeng í minni fjölskyldu. Í allri þessari umræðu og pælingum um beinþéttni var ég bara að hugsa um hvernig við gætum hjálpað öðru fólki að bæta sín lífsgæði. Ég áttaði mig ekki á að þarna var ég algerlega að bjarga sjálfri mér um leið. Ég á enn nokkur ár í að ganga í gegnum tíðahvörf en sagt er að beinþéttni kvenna geti minnkað um allt að 20% á árunum eftir tíðahvörf. Það er talið eðlilegt að eftir þrítugt fari bein að rýrna um að meðaltali 2% á hverju ári. Ég stefni á vera komin með það fáránlega sterk bein að það muni ekkert á mig fá,“ segir Svana og getur ekki annað en brosað.

**Sterkari óháð aðstæðum**

„Við fáum alls ekki úthlutað jafn góðum eintökum af líkama þegar að við komum í lífið. Ég er greind með fjölblöðrueggjastokkaheilkenni og endómetríósu, einkennin sem fylgja því eru einu orði sagt ömurleg og lausnirnar fáar. Þegar verst lætur eru þetta 2-4 dagar í mánuði þar sem ég er frá af verkjum. Ég er líka með alls kyns fæðuóþol sem ég hef fundið að ýkjast í framhaldi af áföllum lífsins. Mér þykir svo vænt um að í OsteoStrong ættu langflestir að geta sótt þjónustu og styrk óháð því hvað á dynur þar fyrir utan og út af því að þetta tekur bara 20 mínútur einu sinni í viku þá ættu flestir að hafa tíma til þess líka,“ upplýstir hún.



Nýlega var opnuð ný OstoeStrong-stöð í Ögurhvarfi í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Æfingarnar henta öllum, jafnt öflugum íþróttamönnum sem fólki sem hefur ekkert hreyft sig. Styrktaræfingarnar eru einstaklega góðar til að bæta jafnvægið.

> Það var í rauninni ekki fyrr en við vorum búin að opna að ég fattaði að OsteoStrong gæti líka gert eitthvað fyrir mig.


Svana segir að þeir sem vilja prófa OsteoStrong geti fengið frían prufutíma á miðvikudögum í Ögurhvarfi 2 og á fimmtudögum í Hátúni 12.

**Að vaxa í verkefnunum sínum**

„Þegar við stofnuðum OsteoStrong þá ætlaði ég að takast á við nýtt, máta mig í ný hlutverk og leyfa verkunum að tala. Það hefur heldur betur tekist og okkur hefur einnig tekist að skapa yndislegt andrúmsloft á stöðvunum í Hátúni og Ögurhvarfi. Ég hef fengið að vaxa svo mikið í þeim verkefnum sem við höfum ráðist í og ég er þakklát fyrir allt sem ég hef lært. Mér datt ekki í hug að ég fengi í leiðinni stórbætta líðan, aukinn styrk og áræði. Það er sönn og einstaklega ánægjuleg bylting í mínu lífi.“

**Meðlimir geta átt von á að:**

- Auka styrk
- Minnka verki í baki og liðamótum
- Lækka langtíma blóðsykur
- Auka beinþéttni
- Bæta líkamsstöðu
- Auka jafnvægi
- Minnka líkur á álagsmeiðslum

**Frír prufutími**

„Við bjóðum upp á fría prufutíma á miðvikudögum í Ögurhvarfi 2 og á fimmtudögum í Hátúni 12. Ég hvet alla til að bóka sig á osteostrong.is eða í síma 419 9200.“ ■

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Þórisson

**Umsjónarmenn efnis:** Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ

# Rafíþróttir

KYNNINGARBLAÐ

**FÖSTUDAGUR** 8. apríl 2022

## Skapa heilbrigt umhverfi fyrir rafíþróttir

Starfsemi Rafíþrótta-samtaka Íslands skiptist í framleiðslu, fræðslu, mótahald og hagsmunagæslu fyrir þá sem spila leiki og keppa í rafíþróttum. Samtökin leggja megináherslu á að skapa heilbrigt umhverfi og að valdefla iðkendur. **2**



Aron Ólafsson, framkvæmdastjóri Rafíþróttasamtaka Íslands, segir að samtökin leggi höfuðáherslu á heilbrigða iðkun rafíþrótta og að styrkja og valdefla krakkana sem leggja stund á þær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK





Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is

„Rafíþróttasamtök Íslands hófu starfsemi fyrir fjórum árum og við skiptum starfsemi okkar í fjórar deildir," segir Aron Ólafsson, framkvæmdastjóri samtakanna. „Í fyrsta lagi erum við með okkar eigin framleiðsluarm, sem á og sér um framleiðslu á öllu okkar rafíþróttaefni.

Svo er það fræðsluarmurinn, en við sinnum fræðslu alls staðar þar sem við erum beðin um að koma og erum með gott úrval af alls kyns fræðslu. Við getum veitt fræðslu fyrir foreldra, starfsmenn í félagsmiðstöðvum, þá sem vilja verða þjálfarar hjá okkur eða grunnskólakrakka, en við getum komið og verið með smiðjudaga í skólum þar sem við vinnum með krökkunum í kringum rafíþróttir," segir Aron. „Þessi armur hefur vaxið talsvert mikið undanfarið og ég hef persónulega mjög gaman af honum."

**Halda mót í hollu umhverfi**

„Svo erum við líka mótahaldari og höldum mót til að æskulýðurinn hafi eitthvað til að stefna að. Við erum að búa til samfélög innan leikjasamfélaga kringum mótaog keppnishald og erum með allt öðruvísi fókus en hefur verið gegnum tíðina," útskýrir Aron. „Þessi mót hafa verið svolítið villt og dómaraúrskurðir hafa ekki alltaf verið alveg hlutlausir og við viljum breyta því. Við höldum mót í fjölmörgum leikjum og erum líka að þróa mót fyrir almenning og áherslan er ekki alltaf á að fá besta liðið upp á verðlaunapall, heldur bara að auka þátttöku í rafíþróttum og aðgengi að þeim.

Við ætlum að fjölga mótum og halda aftur Framhaldsskólaleika og Firmamót, eins og í fyrra. Við erum alltaf að auka aðgengi að spilamennsku á heilbrigðum forsendum. Okkar mót eru ekki byggð upp þannig að þú spilir lengi í einu, en í gamla daga þegar ég fór á mót var ekki óeðlilegt að spila kannski frá því snemma um morguninn og fram á nótt, en við einfaldlega leyfum þetta ekki," segir Aron. „Hjá okkur eru sex tímar alveg hámark og það er bara í neyðartilvikum. Svona höfum við haft mótahaldið á okkar forsendum og ekki elt það sem er að gerast úti í heimi, heldur reynt að búa til hollara umhverfi. Við erum í mótahaldi til að ýta undir rafíþróttastarf og til að hjálpa stærstu senunum að vaxa enn meira."

**Ryðja veginn fyrir rafíþróttir**

„Hagsmunagæsla fyrir iðkendur rafíþrótta og þá sem spila tölvuleiki er svo annar armur af starfsemi okkar. Við höfum verið að ryðja veginn fyrir íslensk lið til að keppa erlendis og aðstoða lið og leikmenn við að semja og búa til hollt umhverfi," segir Aron. „Við vinnum líka markvisst að því að fá stuðning fyrir aðildarfélög okkar hjá sveitarfélögum og ríkinu.

Við vinnum markvisst að þessu alla daga vikunnar og pössum upp á að halda öllum boltum á lofti. Hjá okkur er sex og hálft stöðugildi núna, en auk þess koma fjölmargir að útsendingum hjá okkur," segir Aron. „Umfangið á rekstrinum er búið að breytast mikið og við erum eini staðurinn til að þjónusta aðildarfélögin, en bara á grunnskólaaldri eru um tvö þúsund börn sem æfa rafíþróttir og svo eru allir hinir sem eru bara að spila ótaldir, þannig að þetta er stór hópur.

Það er líka mikill munur á því að vera bara að spila og því að stunda rafíþróttir," útskýrir Aron. „Þetta er bara eins og munurinn á fólki sem fer í ræktina til að halda sér í formi og þeim sem eru að keppa í íþróttum á hæsta stigi, æfingarnar fara fram á allt öðrum forsendum og þarfirnar eru mjög ólíkar og það þarf að huga að þessu."



Aron segir að mikið hafi breyst á stuttum tíma og áhuginn á rafíþróttum hafi aukist hratt. Counter-Strike deildin er nú næstvinsælasta íslenska deildin þegar kemur að áhorfi og mikill fjöldi fólks mætir á viðburði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Áherslan er ekki alltaf á að fá besta liðið upp á verðlaunapall, heldur bara að auka þátttöku í rafíþróttum og aðgengi að þeim.**
>
> Aron Ólafsson

**Vilja skapa heilbrigða atvinnumenn**

„Við vorum að fá styrk frá Erasmus og erum að vinna að handbók um rafíþróttaþjálfun fyrir evrópskan markað í samstarfi við danska rafíþróttasambandið. Við erum með markvisst æskulýðsstarf en það hafa ekki margir farið úr því í atvinnumennsku og við ætlum að hitta atvinnumenn og þá sem stýra stórum liðum í Danmörku og læra af þeim um væntingarnar sem slíkir aðilar hafa til æskulýðsstarfs," segir Aron. „Þeir sem ná langt í rafíþróttum eru svo ekki alltaf á besta stað hvað varðar heilbrigði þannig að þegar þeir ganga í lið hefst oft markviss vinna með sálfræðingi og einkaþjálfara til að endurstilla þessa einstaklinga og kenna þeim að beita líkamanum skynsamlega. Við viljum hefja þessa vinnu fyrr.

Eftir að Riot Games kom hér í fyrra með fyrsta viðburðinn sinn uppgötvuðum við hvað þau voru áhugasöm um það sem við vorum að gera og fyrir þeirra tilstilli hefur verið fjallað um starfsemi okkar í erlendum miðlum. Í kjölfar þess hafa fjölmargir haft samband og við höfum haldið fyrirlestra og kynnt okkar nálgun erlendis síðastliðið ár," segir Aron. „Það er spennandi að fara á næsta stig og reyna að stuðla að því að búa til atvinnumenn."

**Stór hópur sem þarf að sinna vel**

„Við erum mjög þakklát fyrir Erasmus-styrkinn og samstarfsaðila okkar. Við höfum fengið mikla hjálp frá ráðuneytunum og félagsmálaráðuneytið hefur hjálpað sérstaklega mikið við að vekja athygli á geðheilbrigði, en við vitum að margir í okkar hópi eru í áhættuhópi fyrir andlega vanlíðan," segir Aron. „Markmið okkar eru líka orðin faglegri en í byrjun og við erum komin lengra í að búa til umhverfi sem er hollt að alast upp í og leggjum gríðarlega áherslu á það.

Starf okkar snertir líka á lífi þúsunda krakka. Ef við skoðum áhorfstölur fyrir útsendingar frá Ljósleiðaradeildinni, sem er Counter-Strike deildin okkar, getum við ekki séð betur en að þetta sé næstvinsælasta íslenska deildin í áhorfi, stærra en bæði karfan og handbolti," segir Aron. „Þannig að þetta eru gríðarlega margir krakkar og okkur finnst það ábyrgðarhluti að tala við svo stóran hóp, sem hefur verið jaðarsettur gríðarlega lengi, sem er fáránlegt því hann er svo stór. Um leið næst oft ekki mjög vel til þessa hóps og því finnst okkur mjög mikilvægt að tala um úrræðin sem eru til staðar fyrir þessa krakka svo þau geti blómstrað."

**Skapa nýja sigurvegara**

„Tímarnir hafa líka breyst gríðarlega þegar kemur að umræðunni um tölvuleiki. Þegar ég var ungur var það feimnismál að tala um að maður spilaði tölvuleiki en ég var með fyrirlestur í Borgarholtsskóla í vikunni fyrir 16 ára unglinga og þegar ég bað alla sem spila tölvuleiki um að rétta um hönd gerðu langflestir það," segir Aron. „Það er ekki langt síðan ég talaði fyrst opinberlega um að spila leiki og þá skammaðist ég mín.

En þegar úrslitaleikurinn í Framhaldsskólaleikunum fór fram, þar sem Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi keppti á móti Tækniskólanum, komu 120 krakkar í Arena til að horfa og stemningin í salnum var eins og þetta væri úrslitaleikur í knattspyrnu. Það voru svo mikil læti í áhorfendum að þau ómuðu inn í hljóðeinangrað hljóðver!" útskýrir Aron. „Þarna erum við að búa til siguraugnablik í lífi þessara keppenda, sem hefðu ekkert endilega fengið að upplifa það öðruvísi. Þó að krakkarnir frá FVA hafi lent í öðru sæti í æsispennandi leik voru þau skælbrosandi og glöð, því það mættu 70 krakkar frá Akranesi til að styðja þau og þau sungu stuðningssöngva um keppendur í liðinu. Ég fæ bara gæsahúð af því að tala um þetta.

Þannig að við höfum séð miklar breytingar. Fyrst vorum við að hugsa um að búa til fagmannlegt umhverfi fyrir keppnir en í leiðinni höfum við lært mjög mikið og upplifað sterkt hvað ferðalagið á toppinn getur líka verið fallegt," segir Aron. „Bara það að vera með margar neðri deildir í Counter-Strike getur haft mikil áhrif. Lið sem vinnur 6. deild fær sömu sæluvímu eins og liðið sem vinnur 2. deild. Þarna býrðu til sigurvegara, sem getur gjörbreytt krökkum. Það er æðislegt. Á næstunni ætlum við því að setja meiri áherslu á að hjálpa krökkum að ná langt og valdefla þau eins og við getum."

**Ástríðustarf sem á hrós skilið**

„Að lokum langar mig bara að þakka og hrósa þeim sem starfa með okkur. Það er ekki vel borgað að starfa í rafíþróttum og fólkið sem gerir það gerir það af ástríðu. Við finnum óbilandi áhuga um allt land og mikinn áhuga frá sveitarfélögum á að styðja þessa starfsemi," segir Aron. „Við sem þjóð höfum verið snögg að taka utan um þetta og haldið föstum tökum utan um starfið hjá þessum krökkum, sem er bæði merkilegt og stórkostlegt að sjá.

Við höfum líka fengið mikinn stuðning frá þessari ríkisstjórn, sem er með það í stjórnarsáttmálanum að styðja við rafíþróttir. Við finnum líka að margt fólk á miðjum aldri styður okkur og hefði viljað að svona starfsemi hefði verið í boði þegar þau voru ung," segir Aron. „Nú eru rafíþróttabrautir líka að koma í framhaldsskólana, svo krakkar geta tekið stúdent og bætt sig í rafíþróttum í leiðinni. Svo erum við líka að reyna að gera það mögulegt að fá skólastyrk í Bandaríkjunum út á rafíþróttir.

Ég vil bara hrósa öllum sem koma að því að byggja upp rafíþróttir á Íslandi. Þó að Rafíþróttasamtökin séu öflug erum við ekki á bak við alla þessa viðburði sem eru að spretta upp um allt land," segir Aron. „Ég vil sérstaklega hrósa fólki úti á landi sem hefur sýnt mikið frumkvæði og minna á að þó að það virki kannski eins og það sé langt í okkur erum við til staðar fyrir fólk um allt land."■

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

# Sama hvað þú spilar – við spilum með þér

Rafíþróttir njóta sívaxandi vinsælda og ELKO hefur sýnt uppbyggingu rafíþróttasenunnar á Íslandi ötulan stuðning. Þá hefur ELKO gefið út nýjan fræðslubækling til að efla heilbrigðan lífsstíl samhliða rafíþróttaiðkun.

ELKO hefur lagt ríka áherslu á að bjóða upp á breitt vöruúrval af leikjatölvum og jaðarbúnaði til að geta mætt þörfum bæði byrjenda og þeirra sem eru lengra komnir, segir Arinbjörn Hauksson, markaðsstjóri ELKO. Hann segir ELKO hafa komið að uppbyggingu rafíþróttasenunnar í gegnum samstarfssamninga sem stuðla að faglegu rafíþróttastarfi og umfjöllun. Einnig hefur ELKO unnið mikið með rafíþróttafélögum þar sem þau geta bæði keypt eða leigt þann búnað sem þarf til þess að koma upp faglegu rafíþróttastarfi. „Hjá ELKO er hægt að fá allan nauðsynlegan búnað til að spila tölvuleiki, sama á hvaða tölvu fólk vill spila og hvort það er til afþreyingar eða rafíþróttaiðkunar.“

**Ekkert lát á vinsældum**

Arinbjörn segir það hafa verið virkilega gaman að fylgjast með því hversu faglega hafi verið staðið að uppbyggingu rafíþrótta á Íslandi undanfarin ár. „Það virðist ekkert lát vera á auknum vinsældum rafíþrótta. Fleiri og fleiri íþróttafélög hafa tekið upp á því að bjóða upp á faglegt rafíþróttastarf og sjáum við ekki annað en að vinsældir rafíþrótta fari vaxandi með hverju árinu, hvort sem horft er til fjölda iðkenda, áhorf á rafíþrótta- eða tölvuleikjatengt efni eða sölu á vörum í tengslum við rafíþróttir.“

**ELKO stuðlar að faglegri uppbyggingu rafíþrótta**

Aðkoma ELKO að rafíþróttum liggur ekki eingöngu í vöruúrvali og sölu heldur hefur ELKO lagt ríka áherslu á að styðja við uppbyggingu rafíþrótta með samstarfssamningum í tengslum við mótahald, fræðslu og skemmtiefni. „ELKO hefur verið stoltur bakhjarl Vodafone deildarinnar frá upphafi, nú Ljósleiðaradeildin, ásamt því að við höfum styrkt afþreyingar- og skemmtiþætti á borð við Gametíví og hlaðvarpsþætti hjá tölvuleikjaspjallinu svo eitthvað sé nefnt. ELKO kom einnig að því að setja á laggirnar firmamót í rafíþróttum síðastliðið haust sem heppnaðist virkilega vel og skilaði sér í skemmtilegu hópefli fyrir tölvuleikjaspilara innan fjölda fyrirtækja,“ segir Arinbjörn.

ELKO og Samfés gerðu með sér spennandi samstarfssamning til tveggja ára á síðasta ári sem snýr að faglegri uppbyggingu á rafíþróttastarfi Samfés. „Þetta er mjög spennandi samstarfssamningur sem ýtir undir frekari uppbyggingu á rafíþróttastarfi Samfés. Samstarfið er kannski fyrst að fara á flug núna um helgina eftir Covid með stóru og veglegu rafíþróttamóti á vegum Samfés.



Viðskiptavinum gefst kostur á að prófa rafíþróttabúnað í ELKO í LIndum. MYND/AÐSEND



Bæklingurinn er unninn í samstarfi við Samfés og Rafíþróttasamtökin en Arnar Einarsson, fræðslustjóri Rafíþróttasamtakanna og rafíþróttaþjálfari hjá XY, var fenginn til þess að vinna efni bæklingsins.



ELKO býður upp á ótrúlegt úrval af rafíþróttavörum.


Arinbjörn Hauksson, markaðsstjóri ELKO. MYND/AÐSEND

> **Það virðist ekkert lát vera á auknum vinsældum rafíþrótta. Fleiri og fleiri íþróttafélög hafa tekið upp á því að bjóða upp á faglegt rafíþróttastarf.**

### Nútímaorðabók Tölvuleikjaspilara

Hér má sjá nokkur orð úr orðabókinni (sjá meðfylgjandi mynd af orðabókinni):

- BRB: Be Right Back
- GG: Goog Game
- BM: Bad Manners
- Noob: Nýliði
- ROFL: Rolling on the Floor Laughing

Sjá fleiri dæmi í Fræðslubækling ELKO á elko.is/bladid

Samhliða mótinu mun ELKO gefa út veglegan fræðslubækling í tengslum við heilbrigða nálgun á rafíþróttum.“

**Fræðslubæklingur fyrir foreldra og iðkendur**

Fræðslubæklingur ELKO, Rafíþróttir og heilbrigður lífsstíll, inniheldur fróðleik fyrir bæði tölvuleikjaspilara og foreldra með áherslu á heilbrigða nálgun við rafíþróttir. „Við leggjum mikið upp úr því að vera samfélagslega ábyrgt fyrirtæki og viljum leggja okkar af mörkum til að styðja við faglega uppbyggingu rafíþróttastarfs. Í gegnum samstarf okkar við fagaðila innan senunnar sáum við tækifæri á að nýta okkar miðla til að koma áfram fróðleik og upplýsingum í tengslum við heilbrigða nálgun við rafíþróttir og tölvuleikjaspilun.“

Með því að auka skilning á efninu má stuðla að jákvæðum samskiptum foreldra og iðkenda en í bæklingunum má finna fróðleik um áhrif og styrkleika rafíþróttafólks ásamt drögum að rafíþróttasáttmála fjölskyldunnar og nútímaorðabók tölvuleikjaspilara, svo eitthvað sé nefnt, segir Arinbjörn. „Bæklingurinn er aðgengilegur með því að skanna QR-kóða sem fylgir greininni en bæklingurinn fer einnig í fría dreifingu í verslunum ELKO á næstu dögum.“ ■


NÚTÍMAORÐABÓK TÖLVULEIKJASPILARA

| | |
|---|---|
| BRB | Be Right Back |
| AFK | Away From Keyboard |
| LOL | Laughing Out Loud |
| GG | Good Game |
| META | Most Effective Tactic Available |
| BM | Bad Manners |
| GLHF | Good Luck, Have Fun |
| DLC | Downloadable Content (viðbót við leik) |
| FPS | Frames Per Second |
| NT | Nice Try |
| OP | OverPowered |
| ROFL | Rolling on the Floor Laughing |
| Noob | Nýliði |
| Camper | Sá sem felur sig og bíður |
| Clutch | Að sigra ómögulegan sigur einn síns liðs |
| Ace | Að fella allt óvinaliðið |
| Rush | Að sækja hart að |
| Grind | Að leggja tíma í leikinn til að bæta sig |
| Nerf | Að draga úr gæðum/eiginleikum |
| Buff | Að auka gæði/eiginleika |
| Salty | Að vera bitur eða sár |
| Griefing | Að pirra/hrekkja aðra spilara |
| Gank | Sitja fyrir og drepa aftur og aftur |
| 1337 | Að vera bestur |
| Bunny | Sá sem hleypur á eftir fánanum |
| Primary | Fyrsta skotmark |
| CareBear | Sá sem forðast ofbeldi |

14

Nútímaorðabók Tölvuleikjaspilara inniheldur mörg skemmtileg orð.

Skannaðu QR-kóða til að finna fræðslubækling ELKO.



# Séríslensk leið í rafíþróttum

RÍSÍ, eða Rafíþróttasamtök Íslands, voru stofnuð í lok árs 2018 af fimm einstaklingum sem allir höfðu brennandi áhuga á að búa til umhverfi á Íslandi fyrir rafíþróttafólk, en ekki síst byggja upp heilbrigt starf í kringum rafíþróttir fyrir börn og unglinga.

jme@frettabladid.is



Ólafur segir að markmiðin sem RÍSÍ setti sér séu vel á veg komin og Ísland geti vel orðið ein af fimm efstu þjóðunum í rafíþróttum. MYND/AÐSEND

Einstaklingarnir fimm voru þau Ólafur Hrafn Steinarsson, Hafliði Örn Ólafsson, Ólafur Nils Sigurðsson, Víkingur Fjalar Eiríksson og Melína Kolka Guðmundsdóttir. „Öll höfum við að ýmsu leyti tekið þátt í þessum heimi í gegnum tíðina. Hafliði og Ólafur Nils skipulögðu rafíþróttamót kringum League of Legends (LoL), Counter Strike og ýmis lön, Melína stofnaði Tölvuleikjasamfélag íslenskra kvenna og hélt viðburði í gegnum Ground Zero og Víkingur hafði mikla reynslu af að keppa í þessum heimi í mörg ár,“ segir Ólafur Hrafn, sem starfar nú sem formaður RÍSÍ.

**Þroskandi áhugamál**

„Við vildum taka saman allan þann lærdóm sem við höfum öðlast á eigin ferli sem tölvuleikjaspilarar. Ýmislegt hefði mátt betur fara, eins og að spila of lengi fram eftir, slæm líkamsstaða og fleira, en það var enginn til að kenna okkur. Nú erum við komin á fullorðinsár og höfum lært að til eru betri og skemmtilegri leiðir, sérstaklega til að nálgast keppnishliðina. Upphaflegt ætlunarverk RÍSÍ var því að fræða almenning um okkar sýn og kynna rafíþróttir sem gilt áhugamál sem stuðlaði að jákvæðum ávinningi iðkenda, með heilbrigðri ástundun á réttum forsendum. Ég hef oft sagt að stærstu mistökin hafi verið að setja tölvuna inn í herbergi fyrir 30-40 árum. Lengi hefur ekki verið hægt að stunda tölvuleikjaáhugamálið í raunverulegum félagsskap í raunheimum. Við viljum leiðrétta þetta og gefa krökkum tækifæri til að stunda áhugamálið í hóp af jafnöldrum og veita ástríðu þeirra í heilbrigðan farveg,“ segir Ólafur Hrafn.

„Rafíþróttir eru skilgreindar sem skipulögð keppni í tölvuleikjum í heiminum en við vildum ganga lengra, stilla þeim upp á séríslenskan hátt og tengja inn í íþróttamenninguna. Rafíþróttir geta boðið upp á sömu tækifæri fyrir iðkendur og önnur áhugamál ungs fólks. Þær geta gert krökkum kleift að kynnast jafnöldrum sínum, eignast vini og fara í keppnisferðalög innanlands eða erlendis. Allt eru þetta þroskandi hlutir sem hingað til hafa ekki verið tengdir þessu tiltekna áhugamáli,“ segir hann.

**Stefna á topp fimm þjóðir**

Markmið RÍSÍ eru háleit. „Okkar markmið var að vera á meðal topp fimm rafíþróttaþjóða heimsins fyrir árið 2025. Við skilgreindum fimm grunnstoðir sem þyrfti að uppfylla til þess:

> Við viljum leiðrétta þetta og gefa krökkum tækifæri til að stunda áhugamálið í hóp af jafnöldrum og veita ástríðu þeirra í heilbrigðan farveg.

1. Íslenskir spilarar yrðu að hafa aðgang að hágæða keppnisumhverfi, sem keppendur og áhorfendur. Framleiðsla á rafíþróttaviðburðum fram að stofnun RÍSÍ hafði helst farið fram hjá áhugamannadeildum. Umhverfið stóð í vegi fyrir því að fólk sem hafði efasemdir eða fordóma um rafíþróttir, gæti skipt um skoðun. Í dag er þetta breytt. Hágæða útsendingar með spilurum í mynd í sjónvarpi auka virði þess að taka þátt í umhverfinu og trúverðugleika þess.
2. Byggja þyrfti upp stöðugt keppnisumhverfi þar sem íslenskir spilarar hefðu ástæðu og hvatningu til þess að æfa allt árið og keppa reglulega. Í dag er keppnisumhverfið á Íslandi orðið ríkt. Við erum með sjö deildir í Counter Strike og átta lið í hverri deild. Deild er haldið úti í Rocketleague í samstarfi við Rocketleague Íslands. Við erum með almenna bikarinn í Overwatch og Valorant, deild og landsliðsverkefni er haldið úti í FIFA, Framhaldsskólaleikana, firmamótið og margt fleira.
3. Til þess að verða best í heimi yrðu íslenskir spilarar að æfa rafíþróttir á heilbrigðan og skipulagðan hátt. Það stefna ekki allir spilarar á atvinnumennsku eða keppni á hæsta stigi. Við viljum byggja umgjörð í kringum vegferð í áttina að keppni, þannig að upplifun allra verði sem jákvæðust. Í dag æfa 1.500-1.700 krakkar rafíþróttir reglulega hjá yfir sextán íþróttafélögum um land allt. Um 3% krakka á aldrinum 6-16 ára á Íslandi æfa rafíþróttir sem er hærra hlutfall en nokkurs staðar annars staðar í heiminum. Við getum því með góðri samvisku sagt að við höfum náð einu af markmiðunum okkar.
4. Við vildum útrýma fordómum gagnvart tölvuleikjum og opna á umræðuna. Við finnum fyrir merkilega miklum mun á almennu viðhorfi fólks gagnvart tölvuleikjum eftir vegferðina. Við eigum góða og reynslumikla þjálfara á Íslandi í íþróttafélögunum og þeirra starf heldur krökkunum lengur inni í rafíþróttastarfinu en annars staðar í heiminum.
5. Rafíþróttir geta nýst til kennslu á hagnýtri þekkingu. Þetta er glænýr iðnaður sem er byggður á internetinu. Bransinn krefst notkunar samfélagsmiðla og þá þarf að kunna að búa til efni til að eiga samskipti við aðdáendur. Í skólunum eru rafíþróttadeildir og áfangar sem snúast um að kenna krökkum að búa til rafíþróttalið, vörumerki, leiðir til að koma því á framfæri, stofna rásir, framleiða efni fyrir YouTube og stuðla að vexti á vörumerkinu.“

**Sérhannað keppnisumhverfi**

Í eðli sínu eru rafíþróttir vissulega þannig gerðar að þær eru á færi allra, óháð aldri, kyni eða líkamlegri getu. En það þýðir ekki að það sé besti grundvöllurinn fyrir æfingar og keppnir í rafíþróttum. „Stefnan í dag er sett á að keyra af stað yngriflokkamót í rafíþróttum sem er einstakt verkefni á heimsvísu. Mótin verða hönnuð frá grunni með aldur þátttakenda í huga. Hingað til hefur verið auðveldast að halda risastórt mót sem allir taka þátt í. En það er lítil hvatning í því fyrir 14 ára byrjanda að detta úr leik á fyrstu mínútu því hann er að spila á sama velli og atvinnumenn í rafíþróttum.

Mér eru líka ofarlega í huga einar fyrstu samræður mínar við Melínu um konur og rafíþróttir. Ég var mjög spenntur yfir að loks væri grundvöllur fyrir æfingum og keppni þar sem kynjaskipting væri óþörf. Hún var fljót að kippa mér niður á jörðina. Því hvernig væri það fyrir stelpu að byrja í rafíþróttum þar sem fyrir væru átján strákar og engar stelpur? Mörgum liði ekki vel að ganga inn í þannig umhverfi. Því þyrfti að vera til sér umhverfi fyrir stelpur þar sem þeim liði vel og hefðu rými til að fóta sig, sérstaklega á meðan enn eru fordómar gegn því að stelpur spili tölvuleiki. Þá fattaði ég að þó að við getum gert eitthvað, þá er það ekki alltaf besta lausnin.“

**Rafíþróttir veita tækifæri**

„Við höfum heyrt hugljúfar sögur af stelpum og strákum sem hafa fundið sig í rafíþróttum og blómstrað eftir að fá viðurkenningu og samþykki. Þau voru allt í einu tilbúin til að taka þátt í alls konar starfi og verkefnum sem þau vildu ekki áður. Þau voru virkari í tímum í skólanum, eignuðust fleiri vini, fengu betri einkunnir og fleira. Tölvuleikjaáhugamálið hætti að snúast bara um spilun og náði líka yfir hópavinnu, æfingar og umræður um strategíur og fleira. Þetta gerir rosalega mikið fyrir tölvuleikjaáhugamálið. Í stað þess að loka möguleikum fyrir tölvuleikjaspilara þá opnar starfið fyrir þeim heim sem var ekki til áður.“ ■



# Mættu til leiks með rétta búnaðinn

Allt sem þú þarft fyrir stöðuga og nákvæma spilun!

**20%** afsláttur af Sandberg Gaming vörum



Tölvumús Sandberg Eliminator
**4.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.999 KR.



Fótskemill leikja Sandberg
**13.599 kr.** VERÐ ÁÐUR 16.999 KR.



Leikjaborð Sandberg Fighter
**39.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.



Nuddpúði Sandberg Gaming
**7.599 kr.** VERÐ ÁÐUR 9.499 KR.

**20%** afsláttur



Stóll Sandberg Commander Led
**39.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.



Stóll Sandberg Commander
**31.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 39.999 KR.



**5 ára ábyrgð** á öllum Sandberg Gaming vörum

Tölvumús Sandberg Azazin 6400
**3.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.999 KR.



Heyrnartól Sandberg Twister
**6.399 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.999 KR.



Hljóðnemasett fyrir streymi
**15.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 19.999 KR.



Leikjalyklaborð Sandberg
**7.199 kr.** VERÐ ÁÐUR 8.999 KR.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er til og með 11. apríl 2022 eða á meðan birgðir endast.
Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

**penninn.is**
**540-2000**

Austurstræti
Skólavörðustígur
Laugavegur
Hallarmúli
Kringlan

Mjódd
Smáralind
Hafnarfjörður
Reykjanesbær
Akranes

Ísafjörður
Akureyri
Húsavík
Selfoss
Vestmannaeyjar

Penninn Eymundsson

# Fannst þetta strax ótrúlega skemmtilegt



**Sandra Guðrún Guðmundsdóttir**
sandragudrun @frettabladid.is

**Ásdís Erla Jóhannsdóttir er varaformaður Rafíþróttasamtaka Íslands, RÍSÍ. En það er í raun frekar stutt síðan hún byrjaði að spila tölvuleiki. Hún er einnig verkefnastýra Framhaldsskólaleikanna og í mótastjórn Firmamótsins.**



Ásdís Erla Jóhannsdóttir var komin í háskóla þegar hún byrjaði að spila tölvuleiki. Núna er hún í stjórn RÍSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Áhugi minn kviknaði á tölvuleikjum þegar ég var í háskóla árið 2019. Vinir mínir voru oft að spila í pásum þegar við vorum að læra. Þetta voru bara einhverjir skotleikir sem hægt var að spila á netinu. Ég prófaði að spila og fannst þetta strax ótrúlega skemmtilegt. Þetta er fyrsta áhugamálið sem ég hef virkilega náð að demba mér ofan í á undanförnum árum. Síðan fóru þeir að bjóða mér með sér á Ground Zero þar sem ég prófaði fleiri leiki. Stuttu eftir það ákvað ég að kaupa mér tölvu og fljótlega kynntist ég fullt af fólki í þessu tölvuleikjasamfélagi,“ segir Ásdís.

Hún fór því á frekar stuttum tíma frá því að vera ekkert inni í tölvuleikjum í að verða varaformaður Rafíþróttasamtaka Íslands. „Aðdragandinn að því að ég fór inn í RÍSÍ er að ég fór að spila leik sem heitir Valorant. Hann kom út árið 2020 og er fyrsti leikurinn sem ég spila af einhverju viti. Um haustið sé ég auglýst eftir fólki til að taka þátt í mótastjórn fyrir þennan leik,“ útskýrir hún.

Ásdís hafði samband við Aron Ólafsson, framkvæmdastjóra RÍSÍ, og lýsti yfir áhuga á að taka þátt. Henni var tekið opnum örmum þrátt fyrir að hafa enga reynslu af mótahaldi, hvorki í rafíþróttum né öðrum íþróttum og hún fór í hóp til að undirbúa mótið.

„Það varð svo ekkert af Valorant-mótinu, það var ekki nógu mikill áhugi, en í kjölfar þessarar vinnu bauð Aron mér að vera varafulltrúi í stjórn RÍSÍ.“

Ásdís þáði það og henni var boðið að sjá um Framhaldsskólaleikana, FRÍS.

> **Þetta er fyrsta áhugamálið sem ég hef virkilega náð að demba mér ofan í á undanförnum árum.**

„RÍSÍ langaði til að halda rafíþróttamót fyrir framhaldsskólana og ég tók þátt í að móta hugmyndina um hvernig leikarnir eiga að vera. Þrátt fyrir að hafa á þessum tímapunkti ekki enn séð um neitt mót. Þetta var þess vegna svolítið stórt stökk fyrir mig, að fara að sjá um mót þar sem keppt er í þremur mismunandi leikjum,“ segir hún.

**Mikill áhugi í framhaldsskólum**

Ásdís hafði samband við alla framhaldsskóla landsins og bauð þeim að taka þátt. Viðbrögðin voru mjög góð og Ásdís segir langflesta skólana hafa sýnt áhuga á framtakinu þótt þeir hafi ekki allir getað tekið þátt. Fyrsta framhaldsskólamótið var haldið í mars í fyrra. Fjórtán framhaldsskólar tóku þátt og keppt var í Counter-Strike: Global Offensive, Rocket League og FIFA.

„Þetta gekk rosalega vel. Við byrjuðum á riðlakeppni í öllum leikjunum. Efstu liðin í hverjum riðli spiluðu síðan um efstu sætin í deildinni fyrir hvern leik. Við gáfum liðunum síðan stig fyrir árangur í leikjunum en við gáfum líka stig fyrir samfélagsmiðlakeppni. Efstu átta liðin fóru síðan áfram í undanúrslit og svo var úrslitakvöld,“ útskýrir Ásdís.

„Við hjá RÍSÍ leggjum mikið upp úr því keppendur sinni andlegri heilsu, hreyfi sig, næri sig, og eigi fleiri áhugamál. Við gáfum þess vegna keppendunum tækifæri á aukastigum í undankeppninni til dæmis með því að borða hollan mat, stunda hreyfingu eða vera með fjölskyldu. Þá þurftu keppendurnir að taka mynd af sér að gera eitthvað af þessu og pósta þeim á samfélagsmiðlum og senda á okkur með myllumerkinu #FRÍS21 eða FRÍS22.“

Sigurvegari FRÍS 2021 var Tækniskólinn og hann vann aftur í ár en keppnin var hörð og oft var mjótt á mununum. Hægt var að fylgjast með keppninni á Stöð 2 eSport. „Kristján Einar hefur verið þáttarstjórnandinn, hann er langbesti rafíþróttalýsandi landsins að mínu mati. Hann var í stúdíóinu með Agli Ploder, Donnu Cruz, Króla og í ár bættum við Evu Margréti við. Þau hafa verið að lýsa leikjunum og vera með skemmtileg atriði á milli, eins og viðtöl við keppendur og fleira. Markmiðið með útsendingunum er að hafa þetta lifandi og skemmtilegt. Það á að vera ógeðslega gaman að horfa á þetta, jafnvel fyrir þau sem spila ekki leikina sem keppt er í,“ segir Ásdís.

**Góð stemning á Firmamótinu**

Ásdís er líka í mótastjórn Firmamótsins sem er rafíþróttamót fyrirtækja, haldið á vegum Elko og Lindex.

„Þau komu til okkar í RÍSÍ og báðu okkur um aðstoð við að halda þetta mót. Þetta byrjaði sem hugmynd hjá einum hjá Lindex sem finnst gaman að spila tölvuleiki. Hann fékk þessa hugmynd, að halda fyrirtækjamót,“ segir Ásdís.

„Á þessu móti er keppt í sömu leikjum og í FRÍS en munurinn er að á Firmamótinu er keppt í hverjum leik fyrir sig og það eru því þrír sigurvegarar, einn fyrir hvern leik. Keppnin fór fram í haust, hún byrjaði í október og kláraðist í desember. Advania vann í Counter Strike, Elko vann í Rocket League og Bananar ehf. unnu í FIFA.“

Ásdís segir að 23 fyrirtæki hafi tekið þátt og hún býst við að þetta mót eigi eftir að stækka enn meira. „Úrslitin fóru fram í Arena og það var bein útsending og mjög góð stemning. Það var eins með FRÍS. Þá var mjög góð stemning í Arena. Krakkarnir gátu komið, fylgst með og hvatt sinn skóla. Við vorum með pitsuhlaðborð og þetta var bara rosalega skemmtilegt. Þakið var bókstaflega að rifna af húsinu þegar síðasti leikurinn var spilaður,“ segir Ásdís og hlær.

Hún segir vinsældir rafíþrótta alltaf vera að aukast og að mótum eigi örugglega eftir að fjölga á næstu árum. ■






# Ljósleiðarinn elskar rafíþróttir

Fyrr á þessu ári var tilkynnt að úrvalsdeildin í rafíþróttum myndi heita Ljósleiðaradeildin næstu þrjú árin. Deildin hefur verið afar spennandi í vetur og nú styttist í stórmeistaramótið þar sem úrslitin munu ráðast.

„Það liggur fyrir að rafíþróttir eru að vaxa á ógnarhraða og þar er framtíðin björt. Við hjá Ljósleiðaranum erum afar stolt af því að geta styrkt þessa íþróttagrein enda er ljósleiðaratenging grunnuppistaðan í því að geta keppt í íþróttinni,“ segir Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans.

„Það sem við höfum líka verið að horfa á er að sem flestir spilarar sitji við sama borð, hvar sem þeir eru á landinu. Þar skiptir Ljósleiðarinn auðvitað miklu máli með sínar öflugu tengingar enda þarf svartími að vera stuttur og hraðinn mikill. Við leggjum okkur fram um að koma sem flestum í gæðasamband og höfum sett okkur háleit markmið þegar kemur að Ljósleiðaravæðingunni.“

Erling segir að það fræðslustarf sem Rafíþróttasamtök Íslands (RÍSÍ) standi fyrir hafi skipt sköpum þegar kom að stuðningi við rafíþróttirnar. „Þau hafa verið öflug að fara inn í grunnskólana og kynna og fræða bæði börn og fullorðna. Sú nálgun sem RÍSÍ er með á þessi mál heillaði okkur mjög.“

> Við leggjum okkur fram um að koma sem flestum í gæðasamband og höfum sett okkur háleit markmið þegar kemur að Ljósleiðaravæðingunni.
>
> Erling Freyr

Hin hefðbundnu íþróttafélög víðs vegar um landið hafa verið að koma sér upp rafíþróttadeildum en einnig hafa nýrri félög verið að gera sig gildandi í rafíþróttunum.

„Ljósleiðaradeildin var að klárast og nú er stórmeistaramótið eftir. Það er nokkurs konar úrslitakeppni og þetta endar svo allt með úrslitakvöldi þann 23. apríl næstkomandi. Við hvetjum auðvitað öll til að fylgjast með því.“ ■



Rafíþróttir vaxa á ógnarhaða og þá kemur Ljósleiðarinn að góðum notum.


Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans, Aron Ólafsson, framkvæmdastjóri Rafíþróttasamtaka Íslands (RÍSÍ), og Eiríkur Stefán Ásgeirsson, forstöðumaður íþróttadeildar hjá Sýn. MYNDIR/AÐSENDAR

# Stelpur verða að þora að prófa

Ljósleiðarinn hefur frá upphafi lagt ríka áherslu á að styðja við GameTíví sem hefur síðustu ár verið í fararbroddi þegar kemur að umfjöllun um tölvuleiki. Þó að langstærsti hluti spilara hér á landi sé karlkyns hefur kvenkyns spilurum verið að fjölga jafnt og þétt síðustu ár.

Okkur lék forvitni á að vita hvað það er sem heillar við tölvuleiki og hvernig það er að vera kvenkyns spilari í þessum karllæga heimi.

Marín Eydal Sigurðardóttir er 24 gömul og hefur spilað tölvuleiki af krafti síðustu tíu árin. Hún gengur undir nafninu Mjamix í hinum rafrænu heimum og er nú komin með sinn eigin streymisþátt sem heitir Gamevera og er sýndur á GameTíví. Ljósleiðarinn hefur stutt dyggilega við bakið á GameTíví síðastliðin ár og fagnar þeirri miklu vakningu sem hefur verið hjá kvenkyns spilurum upp á síðkastið.

„Það að spila tölvuleiki er mjög félagslegt og ég hef kynnst alveg svakalega mörgu fólki í gegnum þetta. Þarna fær maður líka bara að vera maður sjálfur og það er engin pressa að vera svona eða hinsegin. Þetta gefur mér mikið sjálfstraust og það er ótrúlega gaman hvað það eru komnar margar stelpur inn í þetta núna,“ segir Marín sem er tiltölulega nýfarin í loftið með þáttinn á GameTíví en hefur verið að streyma sjálf í nokkur ár.

Marín kynntist tölvuleikjum í gegnum eldri bróður sinn en fór að spila af alvöru þegar hún var 14 ára og kynntist leiknum Skyrim.

„Það var algjör ást bara strax og ég hef verið að spila hann af og til síðan þá. Ég hef ekki verið að streyma honum enda ekki svona multiplayer-leikur þar sem margir spila.“

> Stelpur halda margar að þetta sé ekki fyrir þær, en stelpur verða líka bara að þora að prófa.
>
> Marín Eydal Sigurðardóttir

Marín segist vera algjör alæta á tölvuleiki en þegar hún var yngri var hún aðallega að spila með strákum en það hafi breyst mikið undanfarið.

**Gömlu viðhorfin að hverfa**

„Stelpurnar eru sýnilegri núna og eftir að ég kom mér aðeins meira inn í þennan heim og samfélag hef ég kynnst alveg æðislegum stelpum. Auðvitað er meirihlutinn strákar en þetta gamaldags viðhorf um að þetta sé bara einhver tímaeyðsla er líka að hverfa. Þetta er fyrst og fremst afþreying og sem betur fer eru rafíþróttir komnar almennilega til Íslands núna. Núna er bara horft á þetta sem íþrótt.“

Marín segir þó mikilvægt að hugsa tölvuleiki ekki endilega sem einhverja keppni og að það sé pressa á spilurum að vinna.

„Þú þarft ekkert að vera endilega góð í öllu og ég er það til dæmis alls ekki, en þetta er bara fyrst og fremst mjög gaman. Stelpur halda margar að þetta sé ekki fyrir þær, en stelpur verða líka bara að þora að prófa.“ ■



Marín Eydal er með streymisþáttinn Gamevera sem sýndur er á GameTíví. Hún segir að það að spila tölvuleiki sé mjög félagslegt og hún hafi kynnst mörgum í gegnum rafíþróttir. MYND/AÐSEND

# Stelpur spila líka skotleiki

**Eva Margrét Guðnadóttir starfar á skrifstofu Rafíþróttasamtaka Íslands við framleiðslu efnis. Auk þess var hún einn af þáttarstjórnendunum í Framhaldsskólaleikunum sem lauk nýverið. 180 keppendur tóku þátt í mótinu og þrettán skólar.**

elin@frettabladid.is

Áhugi fyrir rafíþróttum er stöðugt að aukast hér á landi. Eva Margrét hefur haft áhuga á rafíþróttum og tölvuleikjum allt frá barnsaldri. Hún og tvíburasystir hennar stunduðu leiki á PlayStation og oft voru foreldrar þeirra með þannig að iðulega gat þetta orðið að fjölskylduleik á heimilinu. „Ég fékk alltaf mikla hvatningu frá foreldrum mínum,“ segir hún.

„Síðan fór ég að streyma Call of Duty-leiknum með systur minni og vinkonum á rás sem við nefndum Babe Patrol. Það vatt upp á sig þegar GameTíví hafði samband við okkur og óskaði eftir að við yrðum með sérþátt hjá þeim og Stöð 2 eSport. Með því stækkaði streymið okkar til mikilla muna en við erum einu sinni í viku með þáttinn, á miðvikudagskvöldum. Það hefur verið mjög gaman,“ segir hún.

Eva Margrét segir hafa kynnst fjölda manns í gegnum rafíþróttirnar þótt hún sé ekki keppnismanneskja. „Mér finnst ég ekki nógu góð til að keppa en ég hef gaman af því að vera með í leikjunum. Tölvuleikjasamfélagið er einstakt því ég hef aldrei fundið fyrir leiðindum eða fordómum, miklu frekar ánægju og hvatningu.“


Eva Margrét hefur spilað tölvuleiki frá því hún var krakki. Í dag er hún hrifnust af skotleikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Ég vil mæla með því við stelpur að þær skoði rafíþróttir og taki þátt. Það er hægt að koma í Arena Gaming á Smáratorgi og prófa sig áfram með þjálfara.

Evu Margréti var síðan boðið að vera með í Framhaldsskólaleikunum. „Þetta er framhaldsskólamót í rafíþróttum og er haldið á hverju ári. Spilaðir eru þrír mismunandi leikir, Rocket League, FIFA og Counter Strike. Þetta voru sjö útsendingar og við byrjuðum þær í átta liða úrslitum. Hver og einn gat keypt miða og fylgst með keppninni í sal í lokaúrslitum. Það var þvílík stemming og gleði þar sem stórir hópar hvöttu áfram sín lið. Áhuginn á rafíþróttum er alltaf að aukast enda er þetta mjög skemmtilegt,“ segir Eva Margrét.

„Ætli þetta sé ekki eitt af því allra skemmtilegast sem ég hef gert þótt það hafi líka verið stressandi þar sem ég hafði ekki gert þetta áður,“ bætir hún við. „Leikarnir voru sýndir á Stöð 2 eSport og á streymissíðu Rafíþróttasamtakanna.“

Þegar Eva Margrét er spurð hvort strákar séu ekki í miklum meirihluta í þessari íþrótt, svarar hún því játandi. „Jú, þeir eru miklu fleiri en þó fer stelpum fjölgandi. Í framhaldsskólamótinu voru strákar í miklum meirihluta. Það þarf að hvetja stelpurnar til að koma og vera með. Þetta er ekki kynbundið sport. Hugsunin hefur oft verið að strákar eigi að spila einhverja ákveðna leiki og stelpur aðra. Að strákar eigi bara að spila skotleiki. Staðreyndin er sú að við stelpurnar spilum eiginlega bara skotleiki.

Ég vil mæla með því við stelpur að þær skoði rafíþróttir og taki þátt. Það er hægt að koma í Arena Gaming á Smáratorgi og prófa sig áfram með þjálfara. Þar er mjög góð aðstaða,“ segir Eva Margrét. „Það er vinsælt að koma í Arena Gaming, spjalla og hitta aðra. Vinnustaðir hafa verið að koma með hópa og skemmta sér. Sömuleiðis eru haldin barnaafmæli á staðnum. Gestir fá leiðsögn og maður þarf ekki að kunna tölvuleiki,“ segir Eva Margrét. „Einnig fara fram æfingar í rafíþróttum hjá íþróttafélögunum Breiðabliki og HK í Arena Gaming enda er aðstaðan frábær.“

Stór alþjóðleg mót hafa farið fram hér á landi í Laugardalshöll og minni mót eru mjög algeng í þessar grein íþrótta. Ljósleiðaradeildin var til dæmis að klárast og stórmeistaramót verður seinna í mánuðinum. ■

Hægt er að kynna sér íþróttina betur inn á vefnum rafithrottir.is





Ljósleiðari Mílu er örugg og öflug tenging fyrir heimili og fyrirtæki.
Getur þú tengst? skannaðu QR kóðann og kannaðu málið.

míla
lífæð samskipta


RODE
BLIZ
black crows
ATKBINDINGS
K2
bca
Backcountry Access
MADSHUS
Lýkur á laugardag 9. apríl
RÝMINGARSALA Á SKÍÐABÚNAÐI
30-50% afsláttur af flestum skíðavörum!
GG • SPORT
Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!
@ggsport.is
@gg_sport
Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15

## Bílar & Farartæki

### Hjólhýsi



**POWRTOUCH MOVERS - HJÓLHÝSAMOVER**

Topp gæði
Verð frá 198.000 kr.

**Allar nánari upplýsingar og pantanir í síma 863 4449**
**hjolhysi.com, kriben@simnet.is, www.facebook.com/hjolhys**

## Þjónusta

### Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu



Vandað rimlarúm til sölu með luxus dýnu. Tilboð S. 663 3313



Fallegur sófi úr Tekk til sölu með höfuðpúðum og skammel, grár. St. 90X220 og skammel 70X85. Tilboð óskast S. 663 3313




### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-15, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 788 1590**

## Heilsa

### Heilsuvörur




## Húsnæði

### Húsnæði óskast

Óska eftir stúdíóíbúð, eða ca. 25 fm herbergi með aðgangi að WC til leigu á höfuðborgarsv. Verðhugm. 100-150þús per mán. Öruggar greiðslur. Uppl. í s. 866 9087

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500














BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

## Merkisatburðir

**1571** Guðbrandur Þorláksson er vígður biskup á Hólum, 29 ára gamall.
**1703** Manntal er tekið á Íslandi um þetta leyti. Það er fyrsta manntal heims sem nær til heillar þjóðar.
**1838** Áætlunarsiglingar með gufuskipum hefjast milli Bristol og New York.
**1898** Kristján konungur IX. er áttræður og er af því tilefni haldin stórveisla í Reykjavík.
**1957** 49 punda stórlax veiðist í þorskanet við Grímsey.
**1989** Bónus opnar fyrstu verslun sína við Skútuvog í Reykjavík. Eigandi er Jóhannes Jónsson.
**1999** Bill Gates verður ríkasti einstaklingur heims vegna mikilla hækkana á hlutabréfum í Microsoft.




Frá Alþjóðlegri ljóðahátíð Rómafólks í Rúmeníu. MYND/SOFIYA ZAHOVA

# Menningu Rómafólks fagnað

Í dag verður haldið upp á Alþjóðadag Rómafólks í Veröld – húsi Vigdísar.

arnartomas@frettabladid.is

Alþjóðadagur Rómafólks verður haldin í fyrsta sinn á Íslandi í Veröld – húsi Vigdísar á föstudag.

Dagsetningin er engin tilviljun, en þann 8. apríl 1971 var fyrsta heimsþing Rómafólks haldið í útjaðri London. Af því tilefni verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá á föstudag með aðkomu Rómafólks með það að markmiði að veita innsýn í menningu þess.

„Vigdísarstofnun hefur á undanförnum árum staðið fyrir mismunandi rannsóknarverkefnum sem tengjast menningu Rómafólks,“ segir Sofiya Zahova, sérfræðingur í málefnum Rómafólks. „Stofnunin hefur beitt sér fyrir verkefnum sem tengjast fjöltyngi og minnihlutatungumálum á borð við rómísku og stuðlað að rannsóknum sem tengjast þeim.“

Sofiya segir að á Íslandi búi stór hópur Rómafólks sem fari fjölgandi.

„Það er mikið af fólki sem tilheyrir samfélagi Rómafólks sem býr hér og starfar eins og aðrir innflytjendur,“ segir hún. „Hér á landi er flestir af rómískum uppruna frá löndum á borð við Rúmeníu, Búlgaríu og öðrum löndum Austur-Evrópu.“

Á meðal þeirra sem koma fram verða rithöfundar sem stofnuðu Parmisara, samtök rómískra rithöfunda í Tékklandi. Ljósmyndasýningin Invisible Power verður einnig opnuð þar sem kastljósinu er beint að Rómakonum auk þess sem tónlistarfólk sem mun flytja rómíska tónlist.

„Þessir listamenn munu sýna Íslendingum og öðrum gestum hve fjölbreytt menning Rómafólks getur verið en margir þekkja aðeins til tónlistarinnar,“ segir Sofiya. „Staðalímyndin um sígauna sem ólæsa og ómenntaða er rótgróin og við vonumst til að veita innsýn í hversu fjölþætt og nútímaleg menning þeirra er í raun. Dagskráin er skipulögð með þátttöku Rómafólks til að gefa öllum áhugasömum tækifæri til að kynnast menningu þess betur.“ ■



Ilona Ferková, rithöfundur, tekur þátt í dagskránni í dag. MYND/PETR ZEWLAKK VRABEC

> Staðalímyndin um sígauna sem ólæsa og ómenntaða er rótgróin og við vonumst til að veita innsýn í hversu fjölþætt og nútímaleg menning þeirra er í raun.

---



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Doris J. Tomasson**
Miðleiti 3, Reykjavík,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 5. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Edda Gunnarsdóttir** **Bárður Hafsteinsson**
**Karl Gunnarsson** **Ása Helga Ragnarsdóttir**
**Rúna Gunnarsdóttir**
**Ása Gunnarsdóttir** **Anders Oppheim**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



Ástkær og mest elskandi faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Gísli Marteinsson**
Hallgerðargötu 3, Reykjavík,

varð bráðkvaddur 3. apríl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 13. apríl kl. 13.

**Gísli Þór Gíslason** **Berglind Ósk Tómasdóttir**
**Ninja Ýr Gísladóttir** **Corin John Wright**
**Myrra Ösp Gísladóttir** **Hjalti Örn**
**Kristmundur Gíslason**
**og afabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristveig Björnsdóttir**
Valþjófsstöðum,

lést mánudaginn 4. apríl. Útförin fer fram frá Snartarstaðakirkju laugardaginn 16. apríl klukkan 15.00. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hvamms fyrir einstaka alúð og umhyggju.

**Sigurður Halldórsson** **Ingunn St. Svavarsdóttir**
**Björn Halldórsson** **Elisabeth Hauge**
**Halldór G. Halldórsson** **Anna Soffía Svavarsdóttir**
**Kristján Þ. Halldórsson** **Sigríður Kjartansdóttir**
**Guðrún Halldórsdóttir** **Höskuldur Tryggvason**
**Rannveig Halldórsdóttir** **Guðmundur Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæri eiginmaður, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**Jón Hreinsson**
Lækjarvaði 1,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum v/ Fossvog, föstudaginn 1. apríl. Útför fer fram í Fossvogskirkju mánudaginn 11. apríl kl. 13. Blóm og kransar eru afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast Jóns er bent á menntasjóð Rúnars Mar (0113-18-751447, kt. 110307-2920).

**Regína Sigurgeirsdóttir**
**Rúnar Mar Regínuson**
**Jón Þór Sigmundsson**
**Elínborg Anna Erludóttir**
**Viktor Máni Bogguson Jónsson**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir, mágur og afi,

**Smári Hreiðarsson**
Heiðarholti 28, Keflavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu laugardaginn 2. apríl. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 11. apríl klukkan 13.

**Anna Lind Kristjánsdóttir** **Einar Björgvinsson**
**Halldóra R. Guðmundsdóttir** **Halldór K. Halldórsson**
**Hreiðar Smárason**
**Guðjón Smárason**
**Erla Bjarnadóttir**
**Arndís Hreiðarsdóttir**
**Sverrir Hreiðarsson** **Margrét Ragnarsdóttir**
**barnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Björn Baldursson**
Víðilundi 23, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 4. apríl. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 12. apríl kl. 13.00. Athöfninni verður streymt á Facebooksíðunni Jarðarfarir í Akureyrarkirkju - beinar útsendingar. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Asparhlíð fyrir kærleiksríka umönnun.

**Steinunn Guðmundsdóttir**
**Baldur Björnsson** **Matthildur Guðbrandsdóttir**
**Guðmundur Björnsson** **Edda Magnúsdóttir**
**Anna Margrét Björnsdóttir** **Reynir Viðarsson**
**Telma Björnsdóttir** **Guðmundur Helgason**
**afa- og langafabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórey Eiríksdóttir**
frá Egilsseli,
Eiríksgötu 9, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum þriðjudaginn 29. mars sl. Útförin fer fram frá **Bústaðakirkju** mánudaginn 11. apríl og hefst athöfnin kl. 13.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Droplaugarstaða fyrir einstaka umönnun og aðhlynningu.

**Guðmundur Snorrason** **Sigríður Elsa Oddsdóttir**
**Eiríkur Snorrason**
**Ragnheiður Snorradóttir** **Theodór Guðfinnsson**
**Sigríður Snorradóttir** **Kjartan Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Kristín Gunnarsdóttir**
Lyngási 1d, Garðabæ,

lést á Landspítala, laugardaginn 2. apríl. Útförin fer fram frá Garðakirkju, miðvikudaginn 13. apríl kl. 15.00.

**Wim van der Aa**
**Jónína Guðrún Arnardóttir** **Jakob Ohayon**
**Benedikt Ármann Arnarson**
**Daníel Moshe Ohayon**
**Keren Lilja Ohayon**
**Theodór Fannar Benediktsson**
**Viktor Máni Benediktsson**

---

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .



STYRKTAR- OG LÍKNARSJÓÐUR
ODDFELLOWA

# Styrktar- og líknarsjóður Oddfellowa

óskar Alzheimer- og Parkinsonsamtökunum á Íslandi til hamingju
með húsnæðið í St. Jósefsspítala, Suðurgötu 41 Hafnafirði.

Þökkum verktökum og efnissölum sem komu að verkefninu með okkur.

**Meistarar:**

Magnús Sædal Svavarsson
*Byggingastjóri*

Pétur Haraldsson
*Húsasmíðameistari*

GJ málun ehf
*Garðar Jónsson*

Gaflarar ehf
*Þorvaldur Friðþjófsson*

Blikksmiðurinn hf
*Karl H. Karlsson*

Flötur ehf
*Stefán Stefánsson*

Jón Svavar V. Hinriksson
*Dúklagninga- og veggfóðrarameistari*

Gólfsýn ehf
*Bjarni Oddsson*

Pípulagnir Samúels og Kára ehf
*Kári Samúelsson*

Aðalmúr ehf
*Auðunn Kjartansson*

**Hafnarfjarðarkaupstaður:**

Ragnheiður Dögg Agnarsdóttir
*verkefnisstjóri*

Helga Stefánsdóttir
*forstöðumaður umhverfis- og framkvæmdasviðs*

**Aðrir verktakar:**

Stáliðjan ehf
Einar og Viðar sf
Alsmíði ehf
Svansverk slf
Aðaltré ehf
Atorka, verktakar og vélaleiga ehf
Xprent, hönnun og merkingar ehf
Ólafur Th. Ólafsson
Sonik Tækni ehf
Íslandsbor ehf

**Hönnuðir:**

VA arkitektar ehf
VSB verkfræðistofa ehf
Brunahönnun slf

**Efnissalar:**

Johan Rönning ehf
Z-brautir & gluggatjöld ehf
S. Guðjónsson ehf
Byko ehf
Húsasmiðjan ehf
Málning hf
Álfaborg ehf
Parki ehf
Víkurás ehf
Vélar og Verkfæri ehf
Dynjandi ehf
IKEA
Skúlason og Jónsson ehf
Ólafur Gíslason & Co
Eldvarnarmiðstöðin









ALZHEIMER SAMTÖKIN

Lífsgæðasetur í St. Jó

HEILSA - SAMFÉLAG - SKÖPUN

Parkinsonsamtökin

Lífsgæðasetur St. Jó er samfélag sem býður upp á forvarnir, heilsuvernd, snemmtæka íhlutun, fræðslu og skapandi setur.
Allir rekstraraðilar eiga það sameiginlegt að auka lífsgæði fólks með einum eða öðrum hætti.
Lífsgæðasetur St. Jó er sjálfbær eining rekin af Hafnarfjarðarbæ.

# Dagskrá

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Íþróttavikan með Benna Bó** Íþrótta- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi.
**20.00 Draugasögur (e)** Í sjónvarpsþættinum Draugasögum kynnumst við lífinu fyrir handan.
**20.30 Fréttavaktin (e)**
**21.00 Íþróttavikan með Benna Bó (e)**

## RÚV Sjónvarp

**13.00 Heimaleikfimi**
**13.10 Kastljós**
**13.35 Útsvar 2010-2011** Dalvíkurbyggð - Skagafjörður.
**14.35 Hljómsveit kvöldsins** Sálin hans Jóns míns.
**15.05 89 á stöðinni**
**15.25 Kvöldstund með listamanni 1986-1993** Sigrún Hjálmtýsdóttir.
**16.20 Stiklur** Þeir segja það í Selárdal.
**17.10 Hnappheldan** Gift.
**17.30 Tónstofan** Karlakórinn Fóstbræður.
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Lesið í líkamann**
**18.29 KrakkaRÚV - Tónlist** Minnkurinn í hæsnakofanum - Bogomil Font.
**18.35 Húllumhæ**
**18.50 Lag dagsins** Gus Gus - Love is Alone.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Kastljós**
**20.00 Gettu betur - Á bláþræði** Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem úrvalslið gleðigjafa takast á í léttum og fjörugum spurningaleik í anda Gettu betur.
**21.10 Vikan með Gísla Marteini**
**22.05 Nýtt upphaf The Bachelors** Hugljúf kvikmynd frá 2017 um mann sem flytur til nýrrar borgar ásamt syni sínum eftir andlát eiginkonu sinnar. Þar kynnast þeir tveimur konum sem hjálpa þeim að finna lífsgleðina á ný. Leikstjóri: Kurt Voelker. Aðalhlutverk: J. K. Simmons, Josh Wiggins, Julie Delpy og Odeya Rush. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.40 Shallow Grave Í grunnri gröf**
**01.15 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**15.00 mixed-ish**
**15.25 This Is Us**
**16.30 Spin City**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 Everybody Loves Raymond**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 The Late Late Show**
**19.10 Carol's Second Act**
**19.40 Black-ish**
**20.10 A Fish Called Wanda** Kynþokkafull bandarísk kona, Wanda, og kærasti hennar, Otto, eru stödd á Englandi til að ræna demöntum, ásamt þeim George og Ken.
**21.55 Alone**
**23.30 John Wick**
**01.10 Criminal** Spennumynd frá 2016 með Kevin Costner, Ryan Reynolds og Gal Gadot.
**03.00 22 Jump Street** Spennandi gamanmynd frá 2014 með Jonah Hill og Channing Tatum í aðalhlutverki.
**04.50 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.25 The O.C.**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.30 Supernanny**
**10.10 Masterchef USA**
**10.50 Cherish the Day**
**11.30 Golfarinn**
**12.05 Framkoma**
**12.40 Nágrannar**
**13.00 Making It**
**13.40 Bara grín**
**14.05 BBQ kóngurinn**
**14.30 Grand Designs**
**15.20 The Bold Type**
**16.00 Steinda Con. Heimsins furðulegustu hátíðir**
**16.30 Real Time With Bill Maher**
**17.25 Bold and the Beautiful**
**17.50 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.40 Sportpakkinn**
**18.55 Fyrsta blikið**
**19.30 Edtv** Matthew McConaughey leikur afgreiðslumann í vídeóleigu, Ed, sem missir stjórn á lífi sínu þegar hann samþykkir að leyfa sjónvarpsstöð að fylgjast með sér allan sólarhringinn.
**21.30 Horizon Line**
**23.00 Galveston**
**00.30 Hellboy. Rise of the Blood Queen**
**02.30 The O.C.**
**03.10 Cherish the Day**
**03.50 Making It**

## Albert Brynjar, Jason Mcateer og Tómas Þór

Íþróttavikan með Benna Bó er á dagskrá Hringbrautar í kvöld eins og aðra föstudaga. Efni þáttarins í kvöld er einfalt, fótbolti, en aðeins eru nokkrir dagar í að Besta deildin hefjist. Það var farið yfir meistaradeildina og enska boltann. Albert Brynjar Ingason kom í settið ásamt Herði Snævari Jónssyni íþróttastjóra Torgs. Þeir kíktu yfir fréttir vikunnar og fótboltann sem var í vikunni og fóru yfir Bestu deildina. Jason Mcateer og Tómas Þór, ritstjóri enska boltans hjá Símanum, kíktu einnig við.



## Krossgáta

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT**
1 flónskur
5 ellegar
6 íþróttafélag
8 skrúbbur
10 tveir eins
11 fát
12 virki
13 seytlar
15 að vísu
17 skora

**LÓÐRÉTT**
1 mánuður
2 fyrrum
3 gætinn
4 hljóðfæri
7 stíll
9 hindra
12 dund
14 eldsneyti
16 rykögn

**LÁRÉTT: 1** fávís, 5 eða, 6 ír, 8 bursti, 10 rr, 11 pat, 12 borg, 13 agar, 15 raunar, 17 skarð.
**LÓÐRÉTT: 1** febrúar, 2 áður, 3 var, 4 sítar, 7 ritgerð, 9 sporna, 12 bauk, 14 gas, 16 ar.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Rene Meier (2.103) hafði hvítt og átti leik gegn Hallgerði Helgu Þorsteinsdóttur (2.010) .

Svartur hótar máti og hvítur fann enga vörn og eftir **32.h4? Dxf4** gafst hvítur upp. Meier missti af ótrúlegri björgun en **32.Re2!!** heldur taflinu gangandi þar sem **32...Dxe2** er svarað með **33.Dd5** og máthótun á **d8** þannig að biskupinn á **d4** fellur.

**www.skak.is:** Allr nýjustu skák fréttirnar

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 9 | | 7 | 8 | 4 |
| | | 2 | 8 | | | 6 | 9 | |
| | 9 | | | 5 | 7 | | 3 | |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | | | | 4 | 8 | | | 9 |
| | 6 | | 2 | | 5 | 8 | | 7 |
| 4 | 7 | | 9 | | | 1 | | |
| 6 | | | | | | | 4 | 8 |
| 1 | | 5 | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 1 | 8 | | 2 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | | | 5 | |
| 2 | | | | | | | | 1 |
| | | 6 | | 2 | | | | 9 |
| | | | | 5 | | | | |
| 1 | 4 | | | | | | | 2 |
| | 8 | | 2 | | | | 1 | |
| | | 2 | | | 5 | | | |
| 6 | | 5 | 3 | 7 | | 9 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli






# Kynlíf er eins og mýkingarefni í líf okkar

Gerður Huld Arinbjarnardóttir stofnaði fyrirtæki sitt Blush aðeins 21 árs gömul. Hún var þá nýkomin úr fæðingarorlofi og búin að týna eigin kynveru, eins og hún orðar það. Ellefu árum síðar er Blush ört vaxandi fyrirtæki og Gerður var nýverið valin markaðsmanneskja ársins.

# Reynir að stöðva dauðarefsingu

Fátæk fjórtán barna móðir verður tekin af lífi í Texas síðar í þessum mánuði, nema orðið verði við beiðni um að stöðva aftökuna. Gísli Guðjónsson réttarsálfræðingur, sem vinnur með verjendateymi hennar, hefur miklar efasemdir um játningu hennar og telur hana saklausa.





# Listin og gleðin í fyrirrúmi

Katrín Halldóra Sigurðardóttir, söng- og leikkona, býr ásamt fjölskyldu sinni í Sundahverfi þar sem þau una hag sínum vel á fallegu heimili þar sem fegurð og þægindi fara vel saman.

# Páskaferðaleikur

Norðurland

ICELANDAIR

## Icelandair gefur flug fyrir 2 til Akureyrar.

SAMSUNG

Samsung gefur ferðalöngum Galaxy A53. Galaxy A53 er geggjaður sími fyrir alla. Hann er vatnsheldur og er því geggjaður fyrir íslenskar aðstæður. Stór og bjartur skjár, frábær myndavél og geggjuð rafhlaða sem endist lengur en þú.

ZO•ON ICELAND

ZO•ON er borgar-útivistarmerki. Við hönnum föt sem hvetur fólk til að drífa sig út og ferðast óhindrað milli borgar og náttúru – hvernig sem viðrar. Við ætlum að gefa hvíta Klöpp Dúnkápu fyrir konur að andvirði 94.990 kr. og bláa Dranga Dúnúlpu Unisex að andvirði 89.990 kr

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur

Bílaleiga Akureyrar sér fyrir Bílaleigubíl í 2 daga. Fjöldi leigustöðva um land allt tryggir þér úrvals þjónustu árið um kring. Við bjóðum mikið úrval nýrra, sparneytina og vel útbúinna bíla.

WHALE WATCHING HAUGANES – SINCE 1993 –

Whalewatching Hauganes gefur hvalaskoðun fyrir 2. Whale watching Hauganes Býður upp á hvalaskoðunarferðir án og með sjóstangaveiði alla daga frá Hauganesi í hjarta Eyjafjarðar. Verið velkomin í fallega fjörðinn. whales.is

[ RUB 23 ] RESTAURANT FISH - MEAT - SUSHI

Rub23 býður til glæsilegrar kvöldmáltíðar. Rub23 hefur að markmiði að bjóða upp á fjölbreyttan, einfaldan og spennandi valkost fyrir breiðan hóp viðskiptavina.

SÆLUHÚS AKUREYRI HOTEL

Sæluhús Hótel á Akureyri Gefur Gistingu fyrir 3 í 3 nætur Sæluhús bjóða upp á Rúmgóðar og stílhreinar íbúðir. Öllu haganlega fyrir komið. Stúdíó-íbúðirnar eru stílhreinar og vel skipulagðar með eldhús-aðstöðu og svölum.

frettabladid.is

Skannaðu til að taka þátt

Skráning fer fram á frettabladid.is/lifid/paskaferdaleikur

# Glöggt auga Hardys



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is



Verkin á uppboðinu eru helmingur af íslenskum verkum í eigu Hardys.

**Hjá Fold uppboðshúsi á Rauðarárstíg stendur yfir vefuppboð á verkum úr einkasafni breska listaverkasafnarans og fyrrverandi kjörræðismanns Íslands í Hong Kong, Anthony J. Hardy. Uppboðinu lýkur 11. apríl.**

Afar fágætt er að boðið sé upp safn eins manns, en Anthony Hardy hefur safnað íslenskri myndlist frá árinu 2006 og telur safn hans í heild meira en 250 verk. Sá hluti verkanna sem nú verður boðinn upp og er til sýnis var á lokaðri sýningu í Gallerí Fold sumarið 2019.

„Anthony ákvað að hætta að safna listaverkum á áttræðisafmælisdegi sínum árið 2019. Þá fannst honum komið nóg, enda söfnunin búin að standa í áratugi,“ segir Jóhann Ágúst Hansen, framkvæmdastjóri Gallerís Foldar. Spurður hvers vegna Anthony Hardy hafi byrjað að safna íslenskri myndlist segir Jóhann: „Hann var kjörræðismaður Íslands í Hong Kong og hefur alltaf haft mikinn áhuga á að kynna Ísland fyrir íbúum Hong Kong. Við það bætist að hann er mikill listaverkasafnari og íslenska safnið er bara brotabrot af heildarsafni hans.“



Jóhann Ágúst Hansen segir Hardy hafa glöggt auga fyrir myndlist. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Meðal mynda er verk Kristjáns Davíðssonar af Halldóri Laxness.

**Kynning á íslenskri list**

Hardy keypti um 90 prósent íslensku verkanna hjá Gallerí Fold. „Hann gekk hér inn og þannig kynntumst við honum. Árið 2006 byrjaði hann að safna íslenskum verkum fyrir alvöru því hann vildi setja upp stóra sýningu í Hong Kong til að kynna íslenska list. Hann einbeitti sér að því að eiga verk eftir sem flesta listamenn, var ekki að fókusa á ákveðna stefnu eða ákveðið tímabil heldur á verk frá 1900 til dagsins í dag, svo íbúar í Hong Kong gætu séð sem fjölbreyttasta mynd af íslenskri myndlist.

Anthony hefur gott auga fyrir myndlist og verandi útlendingur sem hefur ekki alist upp við verk íslenskra listamanna þá kemur hann fordómalaus að borðinu. Hann keypti stundum myndir sem við hefðum kannski ekki mælt með, en vegna þess hversu glöggt auga hann hefur fyrir myndlist þá eru verkin sem hann keypti mjög góð, þótt viðkomandi listamenn séu ekki í hópi virtustu listamanna okkar.“

Haldnar hafa verið tvær stórar sýningar á verkum úr safneign Hardys. Sú fyrri var haldin í Hong Kong haustið 2013. Gefin var út vegleg bók með verkunum á sýningunni Straumar Íslands þar sem listfræðingurinn Aðalsteinn Ingólfsson skrifaði um safneign Hardys. Síðari sýningin var haldin í Gallerí Fold árið 2019 og þá stóð galleríið fyrir útgáfu á glæsilegri bók með myndum frá sýningunni Straumar Íslands II.

**Myndir í Hong Kong**

Myndirnar sem eru nú á uppboði í Gallerí Fold eru helmingurinn af safni Anthony Hardy. Hinn helmingurinn er í Hong Kong og er einnig til sölu. „Við erum að vandræðast með að koma þeim verkum til Íslands, þetta eru rúmlega hundrað verk sem þyrfti að borga virðisaukaskatt af og það er veruleg fjárhæð. Það stendur í vegi fyrir að við fáum verkin heim eins og er,“ segir Jóhann. „Þarna eru meðal annars þriggja metra breiðar sjómannamyndir eftir Scheving, flott og verðmæt verk sem eiga heima á Íslandi.“

Spurður hvernig maður Hardy sé segir Jóhann: „Ljúfur er fyrsta orðið sem kemur upp í hugann. Hann er sterkefnaður og hefur setið til borðs með kóngafólki og frægu fólki en sem karakter er hann ljúfur og blíður maður sem ber hag fjölskyldu sinnar og Íslands fyrir brjósti.“

Þess má geta að ljósmyndir af öllum verkunum á uppboðinu má finna í bókinni Straumar Íslands II. Eintak af bókinni fylgir með hverri seldri mynd á uppboðinu. ■

> ”
> **Hann einbeitti sér að því að eiga verk eftir sem flesta listamenn, var ekki að fókusa á ákveðna stefnu eða ákveðið tímabil heldur á verk frá 1900 til dagsins í dag.**



Anthony Hardy er sagður ljúfur og blíður maður. MYND/AÐSEND






Eitt af verkum Þorra á sýningunni.

## Þorri í Gallerí Fold

kolbrunb@frettabladid.is

Á morgun, laugardaginn 9. apríl, kl. 14.00 er opnun á einkasýningu Þorra Hringssonar í Gallerí Fold. Þorri er fæddur árið 1966. Hann býr og starfar bæði í Reykjavík og Aðaldal. Hann stundaði nám í Myndlistarskóla Reykjavíkur, Myndlista- og handíðaskóla Íslands og við Jan Van Eyck Akademíuna í Maastricht, Hollandi. Hann hefur tekið þátt í fjölda einka- og samsýninga hér heima og erlendis undanfarin 30 ár. ■



Hinn eini sanni Bubbi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Bubbi með Senjórítum

kolbrunb@frettabladid.is

Bubbi Morthens fær sextíu heldri bakraddasöngvara á laugardaginn þegar hann stígur á svið í Langholtskirkju með Senjórítukórnum. Tónleikunum hefur verið frestað þrisvar sinnum en allt er þegar þrennt er og nú er lag. Bubbi tekur nokkur lög með kórnum en einnig syngur kórinn lög eftir hann en án hans. Kórstjóri er Ágota Joó og eru útsetningarnar aðallega eftir hana og hljómsveitarstjórann, Vilberg Viggósson. Með honum leika Róbert Þórhallsson á bassa og Einar Scheving á trommur.

Tónleikarnir verða laugardaginn 9. apríl og hefjast klukkan 16. ■

# KEEN GÖNGUSKÓR OG SANDALAR




KEEN

## Targhee Mid ♂

**28.990 kr.**

## Stingum af...



**Targhee Mid ♀**
Uppháir gönguskór
**28.990 kr.**



**Venice II H2 ♀**
Stillanlegt hælband, lokuð tá
**15.990 kr.**



**Venice ♀**
Lokað hælband og tá
**16.990 kr.**



**Venice H2 ♀**
Lokað hælband og tá
**17.990 kr.**



**Newport ♂**
Gott grip, lokuð tá
**20.990 kr.**



**Newport H2 ♂**
Lokað hælband, lokuð tá
**18.990 kr.**



**Targhee WP ♂♀**
Lágir gönguskór
**25.990 kr.**

GG • SPORT

**Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!**

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15

# Hraunbær

## Velkominn í 10-20 liðið




400 g af nammi



# 1.998

kr./stk.

**Bónus nammiegg**
650 g

# BÓNUS

Verð gildir til og með 10. apríl eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**598** kr./pk.




**Smash style hamborgarar**
2x 120 g

**459** kr./pk.




**Hamborgarasósa**
300 ml

**598** kr./pk.




**Með íslensku flögusalti**

**SPG krydd**
130 g

ÍSLANDS NAUT
*Stolt kjötmeistarans*

**598** kr./pk.




**Hamborgarakrydd**
120 g

**3.998** kr./kg



**Frosið lambafillet** KS

**2.798** kr./kg



**Frosnar þykkar lambakódilettur** KS

**1.598** kr./kg




**Þarf ekki að sjóða**

**Bónus nýkreyktur íslenskur hamborgarhryggur**




**259** kr./pk.

**Pylsa í brauði á aðeins 92 kr.**

**Bónus pylsur**
5 stk.




**198** kr./pk.

**Bónus pylsubrauð**

**50% afsláttur vegna dagsetninga**

**198** kr./pk.




**Aviko sætar franskar**
750 g

**1.998** kr./kg

**6 sneiðar í pk.**

**Íslandslamb**
lambagrillpakki




**Sama verð og í fyrra**







Egill Eðvarðsson listamaður ásamt Eyþóri Árnasyni ljóðskáldi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Hundrað myndir Egils hanga þétt á Hafnartorgi

ninarichter@frettabladid.is

Óður er titill nýrrar sýningar Egils Eðvarðssonar myndlistarmanns, í Pop-up galleríinu við Hafnartorg. Þar sýnir Egill mikinn fjölda myndverka sem hann hefur unnið að á síðustu fimm árum, olíumálverk á striga í bland við pappírsklippur.

Það vekur athygli að verkunum er raðað nokkuð þétt og Egill skýrir málið með lítilli tilkynningu á vegg: „Einhverjum finnst eflaust að nokkuð þétt sé hengt upp. Myndir myndu klárlega njóta sín betur ef þeim væri gefið meira pláss hverri og einni.“ Hann útskýrir næst að hann hafi ákveðið að hengja hundrað mynda seríuna upp í ofgnótt að hætti Stórvals og þannig „tekið stórvin minn frá Möðrudal til fyrirmyndar.“ Í tilkynningu segir að myndefnið sé sótt í gleðina og aðdáun listamannsins á vel völdu fólki.

Það var margt um manninn við opnun sýningarinnar sem stendur opin daglega frá klukkan 11 til 17 til 28. apríl. ■


Egill sýndi fjölda mynda sem hann hefur unnið að á síðustu fimm árum, olíumálverk í bland við pappírsklippur.


Einar Egilsson, sonur Egils Eðvarssonar, ásamt hjónunum Snorra Þórissyni og Erlu Friðriksdóttur.


Jakob Frímann Magnússon, Birna Rún Gísladóttir, Gísli Marteinn Baldursson og Katrín L. Ingvadóttir.


Í myndum Egils má finna fjölmargar tilvísanir, þar á meðal nafn rithöfundarins Gyrðis Elíassonar.


Hjónin Agnes Löve og Reynir Jónasson með nokkrar af myndum Egils í bakgrunni.




# Ítölsk hönnun sem endist

Fjölda áferða í boði:

**Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is**

**Mán - Fim 9-18 | Fös 9-17 | Lau 11-14**

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**






Hinn færeyski Janus Rasmussen og hinn enski Tom Hannay skipa þríeykið Boncyan með Færeyingnum Sakaris Joensen. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Rauðar óeirðir og dansvænt gleðipopp á Gauknum

**Hljómsveitirnar Boncyan og Red Riot leiða saman hesta sína á Gauknum annað kvöld, á góðgerðartónleikum þar sem ágóði miðasölu rennur til UNICEF í þágu barna og fjölskyldufólks í stríðshrjáðri Úkraínu. Að sögn meðlima Boncyan eru tónleikarnir viðbrögð við vanmáttartilfinningu.**

ninarichter@frettabladid.is

Tom Hannay, Sakaris Joensen og Janus Rasmussen eru allir sjálfstætt starfandi tónlistarmenn og framleiðendur. Þeir afréðu í samkomubanni að stofna hljómsveit sem flytur létta og dansvæna tónlist og úr varð samstarfsverkefnið Boncyan.

### Lög til að syngja með

„Við vildum gera feel-good band, sem er gaman að djamma með,“ segir Tom Hannay, meðlimur sveitarinnar. Aðspurður hvernig megi lýsa tónlist Boncyan, svarar hann: „Ég myndi segja að þetta sé glaðlegt og nútímalegt popp með smávegis Post Malone-stíl tvisti. Trommur og þungur taktur á bak við gítar og grípandi laglínur á bakið. Þetta eru svona grípandi lög sem fólk getur sungið með.“

### Viðbrögð við vanmætti

Tom segir að meðlimir bandsins hafi fundið knýjandi þörf til að bregðast við þeim hörmungum sem dynja á íbúum Úkraínu um þessar mundir. „Okkur langaði að gera eitthvað. Þessir hræðilegu hlutir eru að gerast og maður fyllist vanmætti. Tónlistin er eitthvað sem við vissum að við gætum lagt af mörkum, að setja upp fína tónleika þar sem allir gætu notið sín og við gætum í leiðinni reynt að safna eins miklum peningum og við gætum fyrir fólk í Úkraínu, sem þjáist núna í þessari skelfilegu deilu,“ segir hann. „Það er mjög gott að geta notað listina á þennan hátt.“



Hljómsveitin Red Riot, Ragna Kjartansdóttir og Hildur Kristín Stefánsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Dansvænir tónleikar

Að sögn Toms er hér um að ræða gríðarlega dansvæna tónleika. „Fólk getur búist við því að langa að dansa. Á hverjum einustu tónleikum okkar hafa allir farið að dansa, meira að segja þegar við spiluðum í Húsi Máls og menningar. Ég man eftir eldri manni sem gat ekki setið á sér, það kvöld, og dansaði eins og óður. Hann hefur verið á sjötugsaldri,“ segir Tom og hlær. „En ég held að þetta sé eitthvað sem allir geta notið sín við. Tónlistin er skemmtileg og það er eitthvað sem við vildum gera.“

### Heimildarmynd á leiðinni

Tónlistin er þó ekki það eina sem sveitin fæst við um þessar mundir. „Við erum þessa dagana að ljúka við að setja saman heimildarmynd, sem fjallar um bráðnun jökla á Íslandi vegna hamfarahlýnunar, í samstarfi við Donal Boyd,“ segir Tom. Stefnt er að frumsýningu í sumar. „Núna erum við búnir að koma því verkefni frá og getum farið að einbeita okkur að tónleikahaldi,“ segir hann og bætir við að þetta séu einnig fyrstu Red Riot-tónleikar ársins.

Red Riot er nýlegt samstarfsverkefni rapparans Rögnu Kjartansdóttur sem kallar sig Cell 7, og Hildar Kristínar Stefánsdóttur tónlistarkonu. Að Boncyan-tónleikunum loknum munu þær stíga á svið og loka kvöldinu.

Dyrnar verða opnaðar klukkan 20.30 og tónleikarnir hefjast klukkan 21.30. Miðar kosta 1.500 krónur, ágóði rennur beint til góðgerðarmála og miðana má kaupa á Tix.is og við dyrnar. ■

# Misrituð tíst heyra sögunni til með byltingarkenndum breytihnappi

ninarichter@frettabladid.is

Þær fregnir bárust frá höfuðstöðvum samfélagsmiðilsins Twitter í vikunni að svokallaður Edit-hnappur, eða breytihnappur, væri væntanlegur á næstu mánuðum. Hnappurinn gerir notandanum kleift að breyta tísti eftir að því hefur verið deilt á tímalínu.

Það var þó ekki eina fréttin sem barst frá Twitter í vikunni en auðkýfingurinn Elon Musk varð á dögunum stærsti hluthafi í fyrirtækinu, þegar hann sölsaði undir sig níu prósenta hlut í Twitter. Þá hafa margir leitt að því líkur að kaupin tengist tilkomu breytihnappsins.

Uppsetning og notkun Twitter er nokkuð einföld. Því má lýsa sem eins konar míkró-bloggsíðu sem gerir notendum kleift að deila hugmyndum eða stöðuuppfærslum eftir sjálfa sig eða aðra, í svokölluðum tístum. Reiknað er með að 217 milljónir manna noti miðilinn daglega en þar á meðal má finna stærstu stjörnur skemmtanabransans, íþróttafólk og stjórnmálafólk.



Elon Musk á núna 9 prósenta hlut í Twitter-fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/NR

Í tísti fyrirtækisins síðan á þriðjudag kemur fram að unnið hafi verið að þróun hnappsins síðan í fyrra. Varan verður fyrst um sinn aðeins í boði fyrir notendur með Twitter-blue-áskriftarleið. Áskriftarleiðin, sem veitir notandanum aðgang að ýmsu aukaefni og fleiri stillingum, er í boði í Bandaríkjunum og Kanada, í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi.

Twitter var stofnað árið 2006. Notendur miðilsins hafa margir beðið lengi eftir breytihnappinum, en það getur verið óheppilegt að missa frá sér tíst sem, sökum stafsetningar- eða innsláttarvillu, hefur aðra merkingu en það sem notandi leggur upp með. Þannig hefur ýmislegt fengið að standa í nafni læk-a sem stingur í augu notandans. En nú skal stungið ei meir. ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*



# Klæðskerasniðin þægindi

DUXIANA®

Ármúla 10 568 9950 duxiana.is

Háþróaður svefnbúnaður



frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is




■ Bakþankar



Svanborgar Sigmarsdóttur

# Stólar skulu standa

Sjálfstæðisfólk sem ég hef talað við þessa vikuna á ekki til orð yfir Sigurði Inga og að hann skuli hafa leyft sér að segja það sem hann sagði við Vigdísi Häsler í Búnaðarþingspartíi. Tala alveg jafnfjálglega um hvað það er sem lýsir innri manni og stjórnarandstaðan. En ekkert skal sagt upphátt, því það gæti hreyft við stólum og það má ekki.

Framsóknarfólk er í sínu horni, yfir sig hneykslað á því að faðir fjármálaráðherra hafi verið einn af þeim sem keyptu hlut í lokuðu útboði Íslandsbanka. Fáir vilja segja eitthvað um það upphátt, nema kannski til að draga athyglina frá vanda Sigurðar Inga. Slíkt gæti hreyft við stólum og það má ekki.

Svo sitja Vinstri græn og tala sín á milli, í hneykslunartón um þá báða. Hversu erfitt það sé nú að vera í ríkisstjórn með mönnum sem ekki geta hagað sér. En passa sig á að hvísla nú bara. Því það skiptir máli hver stjórnar og það má ekki hreyfa við stólum.

Allir þrír hóparnir geta svo sameinast í kvarti undan minnihlutanum. Sem engu ræður en er með of mikil læti. Að mati meirihlutans. Aðhald getur jú verið leiðinlegt, þegar man vill engu breyta.

Nú ætla ég ekki að gefa mér að formenn annarra flokka myndu selja pabba sínum ríkiseignir með afslætti eða tala niður til fólks vegna þess að húðlitur þess er ekki jafn næpuhvítur og þeirra eigin. En ég held að það sé óhætt að lofa því að mótmælin væru jafnhávær væri sætum minnihluta og meirihluta skipt. Við sjáum alltaf óréttlætið. Stundum eru bara aðrir hagsmunir óréttlætinu yfirsterkari. ■




